




Samkeppnisumhverfið á stafrænni öld

Ársrit SFF 2018



Allur réttur áskilinn ©2018

sff.is

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra.....	5
Breytt landslag fjármálamarkaða.....	8
Vátryggingamarkaður.....	30
Kostnaðurinn við þungbært skattaumhverfi.....	44
Af verðbréfamarkaði.....	58
Netöryggismál og forvarnir.....	66
Fjármálafræðsla eitt helsta áherslumál SFF.....	72
Samtök fjármálafyrirtækja.....	80
Aðildarfélög.....	82

Nýtum tækifærin og treystum samkeppnisumhverfið

Ekki er um auðugan garð að gresja þegar kemur að leit að samlíkingum milli íslensks fjármálamarkaðar og heims norrænnar goðafræði. Samt sem áður kemur gölturinn Sæhrímnir upp í kollinn við slíka hugarleikfimi. Æsir og einherjar hafa hann sér til matar í Valhöll. Sæhrímni er slátrað á hverjum degi en er alltaf heill að kvöldi og aldrei er svo mikill mannfjöldi í Valhöll að þeim endist ekki flekk galtarins. Stundum hvarflar það að manni að stjórnmaðlamenn og álitsgjafar gangi út frá því sem vísu að íslensk fjármálafyrirtæki búi yfir sömu eiginleikum og hinn goðsagnakenndi göltur; að hægt sé að leggja allar byrðar sem á þau eru lagðar án þess að það hafi nein áhrif á getu þeirra til að sinna grundvallarhlutverki sínu í hagkerfinu.

Það er fjarri lagi. Skattbyrði aðildarfélaga Samtaka fjármálafyrirtækja er gríðarleg. Samanlagt hafa félögin verið að greiða á bilinu 35–40 milljarða í opinber gjöld á ári hverju. Fjármálageirinn ber langmestu byrðarnar



Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.

þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda, en þau borga tæplega þriðjung slíkra gjalda hér á landi.

Fjármálageirinn gegnir grundvallarhlutverki í samfélaginu. Hann er nauðsynlegur til þess að umbreyta sparnaði í fjárfestingu, dreifa áhættu og sinna skilvirkri miðlun fjármagns. Það skiptir sköpum fyrir framgang efnahagslífsins að þetta hlutverk sé leyst með vönduðum hætti. Þegar svo miklar skattbyrðar eru lagðar á geirann er hætt við því að grafið sé undan getu fjármálageirans til þess að sinna þessu hlutverki og þær eru til þess fallnar að gera fjármálaþjónustu kostnaðarsamari en efni standa til.

Umræðan um fjármálageirann hefur tilhneigingu til þess að snúast eingöngu um örfá fyrirtæki. Það vill oft gleymast að mun fleiri þátttakendur eru til staðar á fjármálamarkaðnum. Auk banka eru lífeyrissjóðir umsvifamiklir á fasteignalánamarkaði og erlendir bankar keppa við þá íslensku þegar kemur að lánveitingum til stærri fyrirtækja. Þá hafa fjártæknifyrirtæki og önnur fyrirtæki verið að færa sig í vaxandi mæli inn á markaðinn með neytendalán og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Fjártæknin, ásamt breytingum á regluverki fjármálamarkaða, eykur jafnframt líkurnar á því að erlend fyrirtæki fari að bjóða íslenskum neytendum fjármálaþjónustu, eins og til að mynda sést á áformum þýska netbankans N26 um að hefja starfsemi hér á landi.

SFF fagna þessari þróun en leggja áherslu á mikilvægi þess að jafna samkeppnisskilyrði milli íslenskra fjármálafyrirtækja og annarra innlendra lánveitenda á borð við lífeyrissjóði annars vegar og hins vegar erlendra fjármálafyrirtækja sem

ekki búa við eins íþyngjandi skattaumhverfi og íslensku bankarnir. Það sem gerir málið sérlega aðkallandi er að þátttakendum er að fjölga hratt á fjármálamarkaði með tilkomu fjártæknibyltingarinnar. Til þess að íslenskir neytendur njóti þess ábata sem hin mikla framþróun sem nú á sér stað í fjármálageiranum mun skila er ákaflega brýnt að allir þeir sem veita fjármálaþjónustu sitji við sama borð þegar kemur að samkeppnisumhverfinu.

Staðan á íslenskum fjármálamarkaði er spennandi en hún felur í sér mikilvægar áskoranir. Allar líkur eru á því að fjártæknin og framþróun stafrænnar tækni muni leiða til grundvallarbreytinga á því með hvaða hætti fjármálaþjónusta verður veitt þegar fram í sækir. Við sjáum þess merki nú þegar, en viðskiptavinir fjármálafyrirtækja geta rekið flest sín erindi með stafrænum hætti. Þessi þróun mun án efa gera það að verkum að fjármálaþjónusta verði ekki jafn staðbundin og áður, og viðskiptavinir munu eiga auðveldara með að sækja sér fjármálaþjónustu þvert á landamæri.

Þessi mikla deigla kallar á kreddulausa umræðu um stöðu fjármálageirans. Sú umræða ætti að byggja á spurningunni um hvernig við ætlum að gera íslenskum fjármálataekjum kleift að taka þátt í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir á fjármálamarkaði – hvernig við getum hagað umhverfi fjármálamarkaðarins með þeim hætti að hann þjóni neytendum með bestum hætti. Til þess að tryggja að svo verði er nauðsynlegt að endurmeta útfærslu regluverks fjármálamarkaða, draga úr sér-íslenskum ákvæðum í lögum og móta skattaumhverfið með þeim hætti að það þjóni hagsmunum viðskiptavinanna.

Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.

**Hækkun
eiginfjárlutfalls
felst einkum í því að
innleiddir hafa verið
nýir eiginfjáraukar
til þess að mæta
áhættustigi einstakra
fyrirtækja og
hagsveiflutengdri
áhættu.**

Breytt landslag fjármálamarkaða


Umhverfi fjármálamarkaða er gerbreytt frá því sem það var fyrir tíu árum þegar fjármálakreppan skall á beggja vegna Atlantsála. Vissulega er inntak og grundvallarhlutverk fjármálamarkaða óbreytt; að umbreyta sparnaði í fjárfestingu og dreifa áhættu um hagkerfið.

Það sem skóp þetta breytta landslag var að í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar var hafist handa við að berja í þá bresti sem atburðarásin í aðdraganda hennar leiddi í ljós. Um er að ræða tvíþætt verkefni sem hefur bein áhrif á starfsumhverfi evrópskra fjármálamarkaða, þar á meðal íslenskra.

Í fyrsta lagi er um að ræða samstarf

á vettvangi alþjóðastofnana til að auka öryggi í rekstri fjármálafyrirtækja, efla fjármálastöðugleika og endurreisa traust almennings á fjármálamörkuðum. Hér ber þó helst að telja endurskoðun hinna svokölluðu Baselreglna, en með Basel III-staðlinum hafa m.a. þrír nýir áhættumælikvarðar litið dagsins ljós:

- Vogunarhlutfall (e. leverage ratio), sem er ætlað að draga úr skuldsetningu eða gírun fjármálakerfisins
- Lausafjárhlutfall (e. liquidity coverage ratio), sem er ætlað að tryggja lausafjareign bankastofnana



- Hlutfall stöðugar fjármögnunar (e. net stable funding ratio), sem er ætlað að draga úr tíma-
misvægi á milli eigna og skulda

Þá hafa kröfur um gæði eigin fjár og eiginfjárlutföll verið hertar. Hækkun eiginfjárlutfalls felst einkum í því að innleiðdir hafa verið nýir eiginfjáraukar til þess að mæta áhættustigi einstakra fyrirtækja og hagsveiflutengdri áhættu.

Í annan stað varð alþjóðlega fjármálakreppan til þess að ráðist var í viðamikla umbótavinnu á regluverki fjármálamarkaða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þar sem Ísland tilheyrir hinum sameiginlega evrópska fjármálamarkaði hafa stjórnvöld innleitt eða þurfa að innleiða allar þær tilskipanir eða reglugerðir sem eiga við um fjármálamarkaðinn. Um fjörutíu viðamiklar tilskipanir hafa tekið gildi frá

Hvergi í Evrópu er skattlagning á fjármálafyrirtæki hærrí en á Íslandi og leitun er að ríkjum sem leggja fleiri sérstaka skatta á rekstur slíkra fyrirtækja.

árinu 2008 á EES-svæðinu sem snerta flesta þætti í rekstri fjármálafyrirtækja. Allar þessar helstu reglubreytingar hafa þegar verið innleiddar hérlendis eða eru í innleiðingarferli. Kjarninn í þeim tekur á óæskilegri áhættusækni, eflir eftirlit og gerir ríkari og strangari kröfur um eigið fé og laust fé fjármálafyrirtækja. Þá fylgir þessum breytingum aukin innstæðuvernd fyrir sparifjáreigendur ásamt sterkari kröfu um neytendavernd og er þeim ætlað að koma í veg fyrir að skattborgarar standi straum af kostnaði vegna gjaldþrots fjármálafyrirtækis.

Séríslenskar byrðar

Þrátt fyrir að grundvallarhugmynd að hinum sameiginlega fjármálamarkaði sé að tryggja skilvirka samkeppni og samræmt samkeppnisumhverfi hafa íslensk stjórnvöld markað því umhverfi sem íslenskur fjármálamarkaður starfar í ákveðna sérstöðu. Þessi sérstaða markast annars vegar af afar íþyngjandi skattaumhverfi fjármálafyrirtækja innan raða SFF og hins vegar af tilhneigingu stjórnvalda til þess að flétta séríslensk ákvæði við tilskipanir Evrópusambandsins þegar þær eru innleiddar í íslenskan rétt.



Hættan við innleiðingarhallann

Ein stærsta áskorunin sem íslensk stjórnvöld standa nú frammi fyrir er að tryggja samræmi í regluverki innri markaðar Evrópu. Reynsla undanfarinna ára hefur afhjúpað hættuna og vandræðin sem geta skapast ef misræmi skapast á milli þess hvenær regluverk tekur gildi í Evrópu og

hvenær það er innleitt í EES-rikkjunum og ekki síst hvenær það er tekið upp í EES-samninginn.

Vegna innleiðingarhallans sem hefur skapast fara EES-ríkin stundum þá leið að taka regluverk upp áður en það er komið inn í EES-samninginn. Þetta kann að valda

Hvergi í Evrópu er skattlagning á fjármálafyrirtæki hærri en á Íslandi og leitun er að ríkjum sem leggja fleiri sérstaka skatta á rekstur slíkra fyrirtækja. Hér á landi eru þrír skattar lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki; bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Bankaskatturinn er um 10 sinnum hærri hér á landi en almennt hjá þeim fáu Evrópulöndum sem leggja á slíkan skatt.

Pungbær bankaskattur

Af þessum sköttum er sérstaki skatturinn á fjármálafyrirtæki – bankaskatturinn svokallaði – þungbærastur fyrir

stærri fyrirtækin, þar sem hann hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað lánafyrirtækja. Skatturinn var hækkadur á árinu 2013 og er 0,376% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja. Í raun hækkar hann fjármögnunarkostnað fjármálafyrirtækja sem skatturinn nær til um samsvarandi hlutfall. Áður hafði skatthlutfallið verið 0,041% af skuldum. Skatthlutfallið var hækkað í því skyni að mæta hluta kostnaðar vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra fasteignalána og áformað var að tímabundin hækkun hans næði til árána 2014–2017.

áskorunum í tilfelli fjármálamarkaða því þegar þessi leið er farin er staða viðkomandi ríkis gagnvart evrópskum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði óljósari eða hreinlega ekki orðin virk.

Stjórnvöld allra þriggja EES-ríkjanna gera sér grein fyrir þessu og leggja því mikla áherslu á að innleiðingarvinna gangi hratt og örugglega fyrir sig. Þrátt fyrir það er

fyrirsjáanlegt að íslenska ríkið muni áfram búa við umtalsverðan innleiðingarhalla sökum þess hversu hægt hefur gengið að innleiða sumar tilskipanir á fjármálamarkaði. SFF hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum af þessu ástandi – sérstaklega vegna þeirra tilskipana og gerða sem heyra undir Evrópska eftirlitið með fjármálamörkuðum sem Ísland varð aðili að síðla árs 2017.

Stjórnvöld allra þriggja EES-ríkjanna gera sér grein fyrir þessu og leggja því mikla áherslu á að innleiðingarvinna gangi hratt og örugglega fyrir sig.

Bankaskatturinn er lagður á skuldir bankanna. Þetta þýðir með öðrum orðum að skatturinn er lagður á fjármögnun bankanna. Þar af leiðandi hefur hann þau áhrif að fjármagnskostnaður bankanna sem greiða skattinn er 0,376% hærrí en annarra lánveitanda. Til þess að setja þetta í samhengi liggur

vaxtastig á skuldabréfum bankanna í kringum 2,5-4% þegar um verðtryggð bréf er að ræða og tæplega 5-6% þegar um óverðtryggða fjármögnun er að ræða í íslenskum krónum. Skatturinn er því verulegur í hlutfalli við vaxtakostnað. Þegar litið er til hreinna vaxtatekna bankanna sést enn fremur glögg

Þegar litið er til hreinna vaxtatekna bankanna sést enn fremur glögg hversu íþyngjandi bankaskatturinn er.

Chris Skinner, heimspektur álitgjafi og rithöfundur á sviði Fjártækni, var aðalræðumaður á SFF-deginum 2017.



hversu íþyngjandi bankaskatturinn er. Í fyrra voru hreinar vaxtatekjur banka-anna um 96 milljarðar og samanlagður bankaskattur ríflega níu milljarðar.


Bankaskatturinn skekkir samkeppnisumhverfið á lánamarkaði verulega og það bitnar á viðskiptavinunum hvort sem um er að ræða



Útlán lánakerfis til heimila

– breyting frá fyrra ári

Heimild: Seðlabanki Íslands.




heimili eða fyrirtæki. Lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki á þeim markaði en þeir greiða hvorki bankaskatt né tekjuskatt. Það sama gildir um erlenda banka og hefðbundna skuldabréfafjármögnun fyrirtækja. Með núverandi útfærslu álagningar bankaskattsins er ein tegund fyrirtækja sem starfar á lánamarkaði tekin út fyrir sviga með skattlagningu sem er íþyngjandi.

Þetta skekka samkeppnisumhverfi hefur haft verulegar afleiðingar

Hlutfallsleg aukning íbúðalána

– hjá viðskiptabönkum og lífeyrissjóðum

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Lífeyrissjóðir greiða hvorki bankaskatt né tekjuskatt og geta því boðið hagstæðari kjör en bankarnir.

á lánamarkaði. Hin þunga sókn lífeyrissjóða inn á fasteignalánamarkaðinn hófst eftir að bankaskatturinn var hækkaður. Lífeyrissjóðir greiða hvorki bankaskatt né tekjuskatt og geta því boðið hagstæðari kjör en bankarnir. Þau kjör standa ekki öllum til boða, þar sem lífeyrissjóðirnir lána út á lægri veðhlutföll en bankarnir. Þetta þýðir með öðrum orðum að hinum eignamestu standa til boða hagstæðari kjör lífeyrissjóða, sem ekki þurfa að greiða bankaskatt

á meðan hinir eignaminni og fyrstu kaupendur þurfa í raun að bera bankaskattinn.


Margþættur lánamarkaður

Það er mikilvægt neytendamál að jafna samkeppnisskilyrði milli íslenskra fjármálafyrirtækja annars vegar og svo annarra innlendra lánveitenda á borð við lífeyrissjóði og svo erlendra fjármálafyrirtækja sem ekki búa við eins íþyngjandi skattaumhverfi og íslensku bankarnir. Það sem

Hlutur í fasteignalánnum

– hjá viðskiptabönkum og lífeyrissjóðum

Heimild: Seðlabanki Íslands.



gerir málið sérlega aðkallandi er að þátttakendum er að fjölga hratt á fjármálamarkaði með tilkomu fjártækni-byltingarinnar og þau áhrif munu magnast enn frekar með gildistöku nýrrar greiðslumiðlunartilskipunar ESB (PSD II).

Þrátt fyrir að enginn sjái fyrir endanleg áhrif þeirrar byltingar sem samþætting stafrænnar tækni og fjármálaþjónustu er má greina ákveðna strauma sem nú þegar eru farnir að móta farveg fjármálamarkaða.


Þróunin hefur nú þegar leitt til þess að þeim sem veita fjármálaþjónustu á almennum markaði hefur fjölgað til muna og þar af leiðandi hefur samkeppni á markaði eflst. Beggja vegna Atlantsála hafa ný fyrirtæki sem nýta sér fjártækni og nýjar lausnir verið að ryðja sér til rúms og í mörgum tilfellum náð að saxa á markaðshlutdeild banka þegar kemur að neytendalánnum og jafnvel fasteignalánnum.

Þessi þróun er einnig hafin hér á landi þótt hún sé ekki jafn langt komin

Útlán í krónum talið

– frá viðskiptabönkum og lífeyrissjóðum

Heimild: Seðlabanki Íslands.



og í sumum nágrannalöndum okkar. Á undanförunum árum hefur nýjum fyrirtækjum sem ekki flokkast undir innlánastofnanir fjölgað mikið og keppast þau við að veita viðskiptavinum fjármálaþjónustu, hvort sem um er að ræða lánaþjónustu, greiðsluþjónustu eða aðra þjónustu.

Þá er ljóst að erlend fjártækni-fyrirtæki munu sækja í vaxandi mæli inn á íslenskan neytendamarkað, enda er eðli þeirrar byltingar sem fjártæknin og tryggingatæknin boða

í fæstum tilfellum bundin við landamæri einstakra ríkja. PSD II styrkir þá þróun, þar sem tilskipunin felur í sér að fyrirtæki sem ætla annaðhvort að starfa sem greiðsluvirkjandi eða sem upplýsingaþjónustuveitandi samkvæmt skilgreiningum tilskipunarinnar þurfa einungis að fá starfsheimild frá fjármálaeftirliti eins ríkis innan EES til þess að veita þjónustu hvar sem er á svæðinu.

Þannig má nefna að Alipay er að hefja starfsemi hér og þýski netbank-

inn N26 tilkynnti í nóvember að hann hygðist opna fyrir viðskipti við íslenska sparifjáreigendur og fyrirtæki. Bankinn, sem var stofnaður árið 2015, starfar nú í ríflega tuttugu

Evrópuríkjum og hefur áform um að víkka starfsemi sína út á næstu árum. Í ljósi þess hversu hratt fjártækni-fyrirtækjum hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförunum árum eru allar




Þá er ljóst að erlend fjártækni-fyrirtæki munu sækja í vaxandi mæli inn á íslenskan neytendamarkað.

Þannig bendir margt til þess að umtalsverður vöxtur hafi verið í að einstaklingar með lögheimili hér á landi hafi sótt um erlend sýndargreiðslukort.

Markaðshlutdeild útlána í Bandaríkjunum

– húsnæðislán, fjártækni eða „ekki bankar“


Heimild: Urban Institute, Housing Finance Policy Center.



Stærstu lánveitendur í Bandaríkjunum

– eftir útlánum

Heimild: Inside Mortgage Finance



líkur á að áframhald verði á þessari þróun og fleiri erlend fyrirtæki fari að veita íslenskum viðskiptavinum fjármálaþjónustu á næstu árum.


Íslenskir neytendur fara utan

Reyndar bendir flest til þess að um tvíhliða þróun sé að ræða; í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta geta einstaklingar í vaxandi mæli sótt sér margs konar fjármálaþjónustu erlendis án verulegra þröskulda. Líklegt er að það muni haldast í hendur við þann vöxt sem hefur verið í netverslun íslenskra heimila og kaupum á stafrænni þjónustu erlendra fyrirtækja. Þannig bendir margt til þess að umtalsverður vöxtur hafi verið í að einstaklingar með lögheimili hér á landi hafi sótt um erlend sýndargreiðslukort (e. virtual debit cards) til viðskipta á netinu. Ein ástæðan sem hefur verið nefnd fyrir því er að foreldrar vilja hafa aðgengilegar takmarkanir á því hvað börn þeirra geta keypt í vinsælum leikjum á borð við Fortnite.

Helstu lánafyrirtæki

– eftir gerð lána

Heimild: Fjárfæðingarnet



Fjártækniklasinn stendur fyrir viðburðum, svo sem fundum um margvísleg svið fjártækni, kynningar á nýsköpunarfyrirtækjum, fyrirtækjastefnumót og fögnuði af ýmsu tagi.

Kortlagning íslenska fjártæknigeirans

Tugir íslenskra nýsköpunarfyrirtækja sækja nú áfram ásamt öðrum íslenskum fjármála-fyrirtækjum í krafti fjártækniþyngingarinnar sem gengur yfir. Þetta eru fyrirtæki sem nýta sér bálkakeðjur, rafmyntir, hátiðniviðskipti, gervigreind og aðra anga fjártækninnar til að skapa nýjar víddir fjármála- og tryggingaþjónustu. Þau starfa bæði á íslenskum og alþjóðlegum markaði og eru hluti af stærri byltingu í heiminum. Sum þeirra eru í nánu samstarfi við hefðbundin fjármála-fyrirtæki en

önnur efna til beinnar samkeppni við þá sem fyrir eru á fleti.

Í lok október var íslenski Fjártækniklasinn stofnaður og voru SFF stofnmeðlimur. Tilgangur Fjártækniklasans er að efla nýsköpun í fjármálum og gera viðskipti af öllu tagi auðveldari og betri. Hann er samfélag þeirra sem starfa við fjártækni og vilja stuðla að aukinni verðmætasköpun, samkeppni og bættum lífskjörum. Fjártækniklasinn stendur fyrir viðburðum, svo sem fundum um margvísleg svið





fjártækni, kynningar á nýsköpunarfyrirtækjum, fyrirtækjastefnumót og fögnuði af ýmsu tagi. Klasinn vinnur einnig að framgangi fjártækni á allan hátt, svo sem með tengingum við erlend fyrirtæki og klasa, tengingu á milli mögulegra samstarfsaðila og ýmiss konar sérverkefnum.

Þann 1. nóvember stóðu SFF og Fjártækniklasinn fyrir fjölsóttum fundi um kortlagningu íslenska fjártæknigeirans. Á fundinum fluttu fulltrúar níttján íslenskra fjártæknifyrirtækja, sem allir komu úr ólíkum greinum hans, fyrirlestra um hvað væri helst að gerast á þeim sviðum sem þeir starfa á. Markmið fundarins var að kortleggja stöðuna eins og hún er í dag og mynda farveg frekari sóknar íslenskar fjártækni.



Íslensk fjártækni

– í nóvember 2018

FARSÍMAVESKI

Stokkur
Memento
Aur
Kass
Netgíró
Síminn Pay
Pei
Kvitt
Borgun
Verifone
Kort
Central Pay
ePassi

SNJALLIR HEIMABANKAR

Meniga
Landsbankinn
Arion
Íslandsbanki
Kvika
Sparisjóðirnir

SKRÁNINGA- OG GREIÐSLUKERFI

Greiðslumiðlun
Redo
Nóri
Payday
DK Hugbúnaður
Miði
Tix

HÓPFJÁRMÖGNUN

Karolina Fund
Sköpunartorg
Creditinfo

VERÐBRÉF OG FJÁRFESTINGAR

Saxo Bank
Kóði
Keldan
Libra
Verðbréfamíðstöð Íslands
Nasdaq

ÞJÓNUSTUVEITUR

Ekki banka
Meniga
Síminn Pay
Tryggð
Aurbjörg
Herborg
Jiko

HÁTÍÐNIVÍÐSKIPTI

Algrím
Two Rivers Trading

ÁKVÖRÐUNARTAKA

CreditInfo

BANK

Landsb
Arion
Íslands
Kvika
Sparisj

VI

Go
Au
Frí
Sín
Sa
N1

RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR

Auðkenni
Dokobit
Advania
Taktikal

GREIÐSLULAUSNIR

Korta
Valitor
Borgun
Dalpay
Verifone
Handpoint

BÁLKAKEDJUR

Monerium
Advania
Advania Datacenter
Auracoin 101
Authenteq
ISX
Monerium
Rafmyntaráð
Svandís
Eirium
Icelandic Art Association
Smileycoin

AR

Bankinn

banki

óðirnir

ÚTLÁN

Landsbankinn
Arion
Íslandsbanki
Kvika
Sparisjóðirnir
Framtíðin
Creditinfo
Motus-Greiðslumiðlun
Pei
Five Degrees
Aktiva/Alva
Aur
Netgíró
Arionbanki/Núlán
Borgun
Valitor
Lykill
Krít

SJÁLFVIRKNI BANKA

Five degrees
RB
Kolibri

LDARKERFI

o Mobile
kkrónur
ða
minn Pay
ga Club
kortið

SPARNADUR

Meira

STAFRÆN ÞJÓNUSTA OG VIÐSKIPTI

Já
Leggja
aha
Heimkaup
Hópkaup
Bland

REGLUVARSLA

Intenta
Nasdaq

24

—

SFF

Prátt fyrir mikla grósku vegna fjártækni- byltingarinnar er ekki þar með sagt að bankar og önnur hefðbundin fjármálafyrirtæki standi á hliðarlínunni.

Fjártækniyrirtæki eru ekki ein um að vera sveigjanleg og fljót til að finna sér syllu til að mæta þörfum sem þeir sem fyrir voru á fleti höfðu ekki sinnt.

Brugðist við fjártækninni

Prátt fyrir mikla grósku vegna fjártækni- byltingarinnar er ekki þar með sagt að bankar og önnur hefðbundin fjármálafyrirtæki standi á hliðarlínunni. Þau eru virkir þátttakendur í þessari byltingu. Þannig hefur þróunin hér á landi og annars staðar verið að bankar hafa verið að laga sig að breyttum aðstæðum og þróað nýjar tækni- lausnir til þess að veita fjármálaþjón-

ustu og laga sig að breyttum aðstæðum og kröfum viðskiptavina.

Meðal evrópskra banka hefur verið lögð mikil áhersla á samstarf við fjártækniyrirtæki og hafa Evrópsku banka- samtökin (EBF) lagt mikla áherslu á að fjármálafyrirtæki og fjártækniyrirtæki eigi ríka samleið. EBF telja líklegt að framþróun fjármálatækninnar muni auka samkeppni á fjármálamarkaði. Sú þróun sé nú þegar hafin og hafi



samkeppni úr nýjum áttum hvatt banka til þess að þróa nýjar lausnir innanhúss til að mæta þeirri samkeppni.

Þrátt fyrir að EBF segi að margt mæli með því að bankar haldi áfram að nýta eigin upplýsingatæknikerfi í þessari samkeppni hafa skapast mikil tækifæri til hagræðingar í þágu fjármálafyrirtækja og efnahagslífsins í heild þegar kemur að samstarfi banka og nýrra fjármálataknifyrirtækja. Nýsköpunarfyrirtæki á sviði fjármálataekni kunna að búa yfir lausnum sem bankar geta nýtt sér og bankar geta veitt fyrrnefndu fyrirtækjunum ómetanlega reynslu og þekkingu þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum, áhættustýringu og svo framvegis. EBF telja því líkur á því að allra hagur felist í samstarfi banka við fjármálataknifyrirtæki frekar en harðri samkeppni þeirra.

Í þessu samhengi er rétt að vísa til áherslna Evrópsku bankasamtakanna þegar kemur að fjártækni og breyttu landslagi á bankamarkaði. Framkvæmdastjórn ESB óskaði fyrir tveimur árum eftir áliti hagsmunaaðila á málefnum sem tengjast fjármála-

tækni og hvernig hún gæti leitt til meiri samkeppni og nýsköpunar á hinum evrópska fjármálamarkaði. Í fyrrasumar skiluðu svo EBF svörum sínum til framkvæmdastjórnarinnar. Helstu áherslur samtakanna eru fjórþættar:

- **Rétt skilgreining á fjármálataekni:**

EBF hvetja til þess að réttur skilningur verði lagður í hugtakið fjármálataekni. Það nái yfir fjármál og tækni auk þess að vísa til þess hvernig verið sé að beita nýrri tækni í fjármálaþjónustu. Hins vegar kvarta EBF yfir því að umræðan um fjármálataekni snúist fyrst og fremst um nýsköpunarfyrirtæki og stórfyrirtæki sem nýti sér nýja tækni til þess að keppa við hefðbundin fjármálafyrirtæki. Staðreynd málsins sé hins vegar sú að bankar standi framarlega í flokki þegar kemur að beitingu nýrrar tækni við að auka nýsköpun í veitingu fjármálaþjónustu. Þar af leiðandi leggja EBF

EBF telja því líkur á því að allra hagur felist í samstarfi banka við fjármálataekni-fyrirtæki frekar en harðri samkeppni þeirra.

26 |
SFRF

Tryggja þarf að allir sem veita fjármálaþjónustu búi við sömu kvaðir þegar kemur að neytendavernd og gagnaöryggi og það sama gildir um varðveitingu fjármálastöðugleika.



mikla áherslu á að reglusmiðir líti fyrst og fremst til þess vöruframboðs sem sprettur af framþróun fjármálatækni í stað þess að horfa á virðiskeðjuna og mögulegar breytingar á henni vegna innkomu nýrra aðila.

- **Neytendavernd**
Framþróun fjármálatækni er tilkomin vegna þess að neytendur um heim allan kjósa í vaxandi mæli að nýta stafræna tækni til viðskipta og kröfur þeirra aukast með

hverjum degi sem líður.

Bankar og aðrir þeir sem veita fjármálaþjónustu hafa brugðist við þessu með því að nota nýja tækni, s.s. aðgengileg forritunarskil (e. open API), bálkakeðjur (e. blockchain) og gervigreindarráðgjöf (e. robo-advice) til að koma til móts við þarfir viðskiptavina. EBF telja brýnt að neytendavernd sé tryggð með öllum úrræðum á tímum þessara öru breytinga. Tryggja þarf að allir sem veita fjármálaþjónustu búi við sömu kvaðir þegar kemur að neytendavernd og gagnaöryggi og það sama gildir um varðveitingu fjármálastöðugleika.

- **Allir sitji við sama borð:**

EBF leggja mikla áherslu á að allir þeir sem keppa á grundvelli lausna fjármálatækninnar búi við sama regluverk og sama eftirlit. Regluverkið verður að tryggja að aðgangshindranir

verði lágar en að sama skapi verða þær að gera þeim sem fyrir eru á fleti mögulegt að halda áfram að þróa sínar lausnir og sinna nýsköpun. EBF brýna fyrir framkvæmdastjórninni að hafa eftirfarandi reglu í hávegum: Sama þjónusta, sama áhætta, sömu reglur og sama eftirlit.

Samstarf og samkeppni:

EBF telja líklegt að framþróun fjármálatækninnar muni auka samkeppni á fjármálamarkaði. Sú þróun sé nú þegar hafin og samkeppni frá nýjum aðilum hafi hvatt banka til þess að þróa nýjar lausnir innanhúss til að mæta samkeppni úr öðrum áttum. Þrátt fyrir að EBF segi að margt mæli með því að bankar haldi áfram að nýta eigin upplýsingatækni-kerfi í þessari samkeppni hafi skapast mikil tækifæri til hagræðingar í þágu fjármálaþyrirtækja og efnahagslífsins í heild þegar kemur að samstarfi banka og nýrra fjármálatæknifyrirtækja. Nýsköpunarþyrirtæki á sviði fjármálatækni kunna að búa yfir

EBF brýna fyrir framkvæmdastjórninni að hafa eftirfarandi reglu í hávegum: Sama þjónusta, sama áhætta, sömu reglur og sama eftirlit.

EBF telja því líkur á að allra hagur felist í samstarfi banka við fjármálatæknifyrirtæki frekar en harðri samkeppni þeirra á milli.

lausnum sem bankar geta nýtt sér og bankar geta veitt fyrrnefndu fyrir-tækjunum ómetanlega reynslu og þekkingu þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum, áhættustýringu og svo framvegis. EBF telja því líkur á að allra hagur felist í samstarfi banka við fjármálatæknifyrirtæki frekar en harðri samkeppni þeirra á milli.

Frjór jarðvegur fyrir samkeppni

Það er frjór jarðvegur fyrir þessa gerjun hér á landi. Fyrir því eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi eru Íslendingar almennt séð fljótir að tileinka sér stafrænar tækninýjungar; snjallsímaeign er almenn og landinn sitengdur ef svo má að orði komast. Í öðru lagi hafa verið gerðar verulegar úrbætur á stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum undanfarin áratug.

Í þessu samhengi skipta sköpum breytingar á lögum sem gera fjármálafyrirtækjum óheimilt að krefjast þess að viðskiptavinir kaupir aðra þjónustu af þeim þegar fasteigna-

lán er tekið, hámark var sett á upp-greiðslugjald og afnám stimpilgjalda af lánaskjölum.

Þessar breytingar hafa leitt til þess að svokallaður skiptikostnaður neytenda (e. switching costs) við að beina viðskiptum sínum frá einum stað til annars hefur lækkað verulega. Þess má geta að hár skiptikostnaður var eitt af því sem Samkeppniseftirlitið gagnrýndi í skýrslu sinni Fjármálaþjónusta á krossgötum, sem kom út árið 2013.¹ Eins og sjá má á hraðri aukningu markaðshlutdeildar lífeyrissjóðanna í fasteignalánum hefur skiptikostnaður neytenda ekki staðið í vegi fyrir endurfjármögnun eldri fasteignalána á undanföllum árum.

Annað sem var gagnrýnt í áður-nefndri skýrslu Samkeppniseftirlitsins var miklar aðgangshindranir að veitingu fjármálaþjónustu hér á landi. Eins og fyrr er rakið í þessum kafla hefur breytt tækni og regluverk að einhverju leyti rutt þessum aðgangshindrunum úr vegi. Það sést meðal annars á fjölgun þeirra fyrir-

¹ Fjármálaþjónusta á krossgötum. Rit 1/2013. Samkeppniseftirlitið.



tækja sem veita einstaklingum ýmiss konar fjármálaþjónustu og auknu aðgengi þeirra að fjármálaþjónustu erlendra fyrirtækja. Flestir eru sammála um að allt bendi til þess að

samkeppni á fjármálamarkamarkaði muni aukast enn frekar í fyrirsjáanlegri framtíð og að tækniframfarir og nýjar lausnir muni gera neytendur enn betur í stakk búna til að leita

Samsetta hlutfallið samanstendur af tjónakostnaði og rekstrarkostnaði váttryggingafélaga sem hlutfalli af iðgjöldum.

Váttryggingamarkaður

Staða íslensku váttryggingafélaganna er sterk um þessar mundir og eru þau vel í stakk búin til að sinna grundvallarhlutverki sínu á fjármálamarkaði; að dreifa áhættu í hagkerfinu ásamt því að vera mikilvæg tannhjól í gangvirki efnahagskerfisins þegar kemur að fjárfestingum og að halda uppi virkni á verðbréfamörkuðum.

Í fyrra batnaði afkoma váttryggingafélaganna lítillega milli ára. Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi dróst að vísu saman en aftur á móti batnaði afkoma af váttryggingastarfsemi. Samanlagður hagnaður váttryggingafélaganna árið 2017 var um 7,5 milljarðar og jókst


um 200 milljónir frá árinu 2016 þrátt fyrir að fjárfestingartekjur hafi dregist saman um milljarð á sama tíma.

Það er til marks um traustan rekstur váttryggingafélaganna að hið svokallaða samsetta hlutfall hefur lækkað hratt og örugglega á undanförunum árum. Samsetta hlutfallið samanstendur af tjónakostnaði og rekstrarkostnaði váttryggingafélaga sem hlutfalli af iðgjöldum. Ef samsett hlutfall er hærra en 100% er rekstrar- og tjónakostnaður hærri en iðgjöld viðkomandi tryggingafélags. Á undanförunum árum hefur samsetta hlutfallið lækkað. Þannig var það að

Gjaldþolskrafa

– váttryggingafélaga

Heimild: FME



meðaltali 103,6% árið 2015 en fór í 98,1% í fyrra samkvæmt ársreikningum váttryggingafélaganna.


Á sama tíma endurspeglar gjaldþolsáhætta váttryggingafélaganna einnig trausta stöðu og styrk til þess að mæta áföllum í rekstri. Gjaldþol er það fjármagn sem váttryggingafélag þarf að hafa tiltækt til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í váttryggingaskuld þess. Gjaldþol er í raun allt það eigið fé sem uppfyllir ákveðin skilyrði um aðgengileika.



Þannig var það að meðaltali 103,6% árið 2015 en fór í 98,1% í fyrra samkvæmt ársreikningum váttryggingafélaganna.

Slys á fólki í umferðinni

Heimild: Samgöngustofa



Tjón vegna ökutækjatrýgginga námu aftur á móti 25 milljörðum í fyrra.

Þróun váttryggingagreina

2009 til 2017

Heildariðgjöld sem váttryggingafélagin innheimtu árið 2017 vegna skaðtrygginga námu 57 milljörðum króna árið 2017. Að sama skapi greiddu félögin út tæpa 43 milljarða vegna tjóna á því ári.

Veigamesti tryggingaflokkurinn er ökutækjatrýggingar, en heildariðgjöld vegna frjálsra og lögboðinna ökutækjatrýgginga námu um 30

milljörðum í fyrra, eða sem nemur ríflega helmingi af heildariðgjöldum. Tjón vegna ökutækjatrýgginga námu aftur á móti 25 milljörðum í fyrra. Afkoma váttryggingafélaganna af ökutækjatrýggingum í fyrra nam 1,6 milljörðum, en 2017 var fyrsta árið frá árinu 2013 sem skilaði hagnaði af ökutækjatrýggingum. Á árunum frá 2014 til 2016 nam tap af ökutækjatrýggingum 1,6 milljörðum.

Kostnaðurinn hefur meðal annars aukist vegna þróunar launavísitölunnar, en hún hækkaði um 76% á tímabilinu. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 28,5%.

Afkoma váttryggingafélaganna

Heimild: Ársreikningar

2017	Sjóvá	TM	VÍS	Vörður	ALLS
Hagnaður	1.746	3.123	1.609	956	7.434
Samsett hlutfall	99,4%	99,4%	95,3%	98,3%	98,1%
2016	Sjóvá	TM	VÍS	Vörður	ALLS
Hagnaður	2.690	2.597	1.459	486	7.232
Samsett hlutfall	100,9%	97,0%	101,7%	100,5%	99,7%
2015	Sjóvá	TM	VÍS	Vörður	ALLS
Hagnaður	657	2.827	2.076	658	6.218
Samsett hlutfall	103,9%	103,3%	101,5%	105,8%	103,6%

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

Heildartjón vegna ökutækjatrýgginga nam 25 milljörðum árið 2017. Tjón vegna þessa tryggingaflokks hafa aukist mikið á undanförunum árum, en ástæður þess má meðal annars rekja til aukins umferðarþunga vegna fjölgunar ferðamanna og versnandi ástands vegakerfisins. Árið 2012 námu tjón váttryggingafélaganna vegna umferðarslysa um 15 milljörðum og hafa því tjón aukist um 57% á þessu tímabili.

Iðgjöld sem váttryggingafélögin innheimta hækkuðu um helming á árunum 2009 til 2017 en á sama tíma jókst kostnaður vegna tjóna um 46%. Kostnaðurinn hefur meðal annars

aukist vegna þróunar launavísitölunnar, en hún hækkaði um 76% á tímabilinu. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 28,5%. Þá hækkaði rekstrarkostnaður váttryggingafélaganna vegna ökutækjatrýgginga um 54% á þessu tímabili.

Minni sveiflur voru á öðrum flokkum váttryggingagreina á árunum 2009 til 2017. Þó hækkuðu iðgjöld vegna sjó, flug- og farmtrygginga um þriðjung á tímabilinu og tjón um helming.

Hagræðing og stafræn tækni

Stafræn tækni og samstarf um innviði veitir váttryggingafélagunum tæki-



færi til að lækka rekstrarkostnað og ná fram hagræðingu. Helstu verkefni SFF á þessu sviði undanfarin ár snúa að gerð tónagrunns annars vegar og tengingu váttryggingafélaganna við miðlægan heilbrigðisgrunn Landlæknisembættisins hins vegar.

Í fyrrahaust veitti Persónuvernd heimild til vinnslu persónuupplýsinga í sameiginlegan tónagrunn váttryggingafélaganna. Að sama skapi fengu SFF heimild til þess að koma fram fyrir hönd váttryggingafélaganna sem ábyrgðaraðili fyrir vinnslu slíkra

Íslensk váttryggingafélög hafa alltaf verið reiðubúin að mæta tækniþróun nýrra tíma.

Þannig hefur grunnurinn í Noregi leitt til sparnaðar í váttryggingarekstri sem nemur 3-5% af heildariðgjöldum þarlandra váttryggingafélaga.

upplýsinga. Samkvæmt leyfinu frá Persónuvernd er Creditinfo vinnslu-aðili gagnanna. Stefnt er að því að tjónagrunnurinn verði tekinn í notkun 15. janúar 2019. SFF hafa í vetur unnið að ýmsum undirbúningi fyrir tjónagrunninn og má þar m.a. nefna skilgreiningu á flokkum trygginga í grunninn, leiðbeiningar fyrir starfsmenn váttryggingafélaga um notkun á grunninum og kynningaráætlun vegna innleiðingar hans.

Ljóst er að grunnurinn á eftir að reynast mikilvægur þegar kemur að baráttunni gegn váttryggingasvikum. Váttryggingafélögum er skylt að vinna gegn slíkum svikum og má nefna að Alþjóðasamtök váttryggingaeftirlita (IAIA) gefa út út leiðbeiningar þar sem fram kemur að váttryggingasvik leiða af sér fjárhagslegt tjón og kostnað fyrir samfélagið í heild sinni. Því er gerð sú krafa að váttryggingafélög víkist ekki undan ábyrgð og taki á þessu vandamáli af fullum krafti. Váttryggingafélögum er skylt að líta á váttryggingasvik sem hluta af rekstraráhættu sinni samkvæmt löggjöf

frá Evrópusambandinu (Solvency II), sem hefur tekið gildi hér á landi. Til að undirstrika enn frekar hversu víðtækur skilningur er á því að váttryggingasvik séu raunverulegt vandamál má nefna að í leiðbeiningu tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum er gert ráð fyrir að váttryggingafélög setji sér verklag til að koma í veg fyrir váttryggingasvik.

Reynslan frá Norðurlöndunum hefur sýnt að tjónagrunnar eru eitt af mikilvægustu tækjunum í þessari baráttu. Bæði váttryggingafélög og viðskiptavinir þeirra hafa mikla hagsmuni af því að virkt eftirlit sé haft með réttmæti bótagreiðslna. Reynslan frá Noregi sýnir að rekstur tjónagrunns hefur leitt til lægri iðgjalda. Þannig hefur grunnurinn í Noregi leitt til sparnaðar í váttryggingarekstri sem nemur 3-5% af heildariðgjöldum þarlandra váttryggingafélaga. Sé þetta hlutfall heimfært upp á íslenska váttryggingageirann mun grunnurinn skila um 2,5

milljarða sparnaði á ári hverju vegna færri váttryggingasvika.

Annað verkefni sem SFF hafa unnið að sem mun leiða til aukins hag-
ræðis hjá váttryggingafélögunum snýr
að samskiptum þeirra við heilbrigðis-
geirann. SFF hafa verið í samskiptum
við Landlæknisembættið í tengslum
við samskipti tryggingafélaga og
heilbrigðisstofnana og möguleikann

á því að þau fyrrnefndu geti tengst
miðlægum heilbrigðisgrunni til þess
að gera samskiptin skilvirkari. Eftir
fund um málið fyrir nokkrum vikum
tóku SFF saman yfirlit yfir hvers konar
samskipti einstaka félag á við heil-
brigðiskerfið og eru nú tæknimenn
Landlæknisembættisins að útfæra
stöðluð form. Vonir standa til að þetta
mál vinnist hratt og örugglega.



SFF hafa verið í samskiptum við Landlæknisembættið í tengslum við samskipti tryggingafélaga og heilbrigðisstofnana og möguleikann á því að þau fyrrnefndu geti tengst miðlægum heilbrigðisgrunni til þess að gera samskiptin skilvirkari.

Á hverju ári verða um 70 tjón, þ.e. bæði munatjón og líkamstjón, þar sem öikumenn óvátryggðra ökutækja eru tjónvaldar.



Óvátryggð ökutæki og vantryggingagjald

Eitt þeim málum sem SFF hafa unnið að er upptaka vantryggingagjalds í tengslum við endurskoðun á umferðarlögum. Á Íslandi, eins og í öðrum Evrópulöndum, er sú skylda lögð á vátryggingafélög að þau ábyrgist að þeir sem verða fyrir tjóni af völdum óvátryggðra ökutækja fái tjón sitt bætt. Það sama gildir þegar ökumaður stingur af frá vettvangi. Öllum vátryggingafélögum, sem bjóða ökutækjatrýggingar á Íslandi samkvæmt um-

ferðarlögum, er því skylt að vera aðilar að og reka Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi (ABÍ).

Á hverju ári verða um 70 tjón, þ.e. bæði munatjón og líkamstjón, þar sem öikumenn óvátryggðra ökutækja eru tjónvaldar. ABÍ gera upp þessi tjón og í framhaldinu er skráður eigandi óvátryggða ökutækisins og ökumaður, ef hann er annar en eigandi, endurkrafinn um allan kostnað sem á ABÍ hefur fallið við uppgjör slíkra tjóna.

600 milljón króna kostnaður

Á árunum 2014 til 2017 er áætlað að heildarkostnaður samfélagsins vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja verði hátt í 600 milljónir króna. Stærsti hluti þessa kostnaðar, eða um 350 milljónir, er tilkominn vegna tjóna af völdum óvátryggðra ökutækja. Eigandi eða ökumaður hins óvátryggða ökutækis er fyrst krafinn um kostnaðinn en staðreyndin er sú að aðeins lítill hluti þessa kostnaðar fæst endurgreiddur frá tjónvöldum, eða aðeins um 7-8%.

Allan kostnað ABÍ sem ekki fæst endurgreiddur vegna tjóna af völdum óvátryggðra ökutækja verða vátryggingafélögin að bera. Þennan kostnað verða því vátryggingafélögin að taka með öðrum útgjöldum þegar þau reikna út iðgjöld.

Í dag er það hlutverk lögreglu að taka óvátryggð ökutæki úr umferð. Þetta fyrirkomulag hefur ekki reynst skilvirkt og dýrmætum tíma lögreglu væri án efa betur varið í annað, en talið er að á milli þrjú til fjögur þúsund óvátryggð ökutæki aki um göturnar á degi

hverjum. Dæmi eru um að ökumenn aki um á óvátryggðum ökutækjum svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir. Þetta skapar óásættanlega áhættu fyrir aðra þá sem eru í umferðinni. Leiða má líkur að því að ökutæki sem eru óvátryggð í umferð séu líklegri til að vera óskoðuð og því almennt í verra ástandi og meiri hætta stafi af þeim fyrir vegfarendur en tryggðum ökutækjum.

Norrænar lausnir á vandanum

Öll Norðurlandarákin utan Íslands hafa nú þegar breytt eða tekið ákvörðun um að breyta fyrirkomulagi því sem enn ríkir hér á landi varðandi óvátryggð ökutæki. Tekið hefur verið upp sérstakt vantryggingagjald, sem nýtur lögveðsréttar í ökutækinu og nýtt er til að greiða bætur vegna tjóna sem verða vegna óvátryggðra ökutækja. Fari iðgjald ökutækjetryggingar í vanskil er eigandi ökutækis upplýstur um að verði þau ekki greidd innan tiltekins frests muni vantryggingagjald falla á ökutækið. Séu iðgjöld enn í vanskilum leggst vantryggingagjaldið á ökutækið

Eigandi eða ökumaður hins óvátryggða ökutækis er fyrst krafinn um kostnaðinn en staðreyndin er sú að aðeins lítill hluti þessa kostnaðar fæst endurgreiddur frá tjónvöldum, eða aðeins um 7-8%.

**Ein veigamesta
breytingin
sem innleiðing
tilskipunarinnar
hefur í för með sér
er að hún opnar
fyrir aðgengi
fyrirtækja að
innlánsreikningum
viðskiptavina
fjármálafyrirtækja.**

og það er því í raun aldrei óváttryggt í umferð. Vantryggingagjaldið er hærra en hæsta iðgjald sem í boði er fyrir sams konar ökutæki og nýtur, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði sem hlýst af innheimtu þess, lögveðsréttar í ökutækinu. Þetta kerfi var innleitt í Svíþjóð árið 1978 og önnur Norðurlandaráki hafa fylgt í kjölfarið. Fyrirkomulagið hefur reynst vel og innheimtur hjá systurskrifstofu ABÍ í Svíþjóð eru 60-70%, óváttryggðum ökutækjum í umferð hefur fækkað, bætur vegna óváttryggðra ökutækja eru að fullu greiddar með vantryggingagjaldinu og fellur þessi tjónakostnaður því ekki á aðra skilvísa váttryggingartaka.

Tækifæri í endurskoðun umferðarlaga

Ljóst er að núverandi kerfi virkar ekki sem skyldi og hefur augljósa vankanta. Nú stendur yfir endurskoðun á umferðarlögum og fyrir liggur að sett verða ný lög um ökutækjategyggingar. Mikilvægt er að á sama tíma verði gerð breyting á þessu fyrirkomulagi

til jafns við það sem gert hefur verið í hinum Norðurlandarákjunum. Það er sanngjarn og eðlilegt að þeir sem ekki standa í skilum með ábyrgðartryggingar ökutækja sinna standi sjálfir undir þeim kostnaði vegna tjóns slíkra ökutækja en velti ekki þeirri ábyrgð yfir á skilvísa váttryggingartaka.

Breytingar á skaðabótalögum

Eitt af helstu verkefnum SFF síðustu misseri hefur verið að þrýsta á um nauðsynlegar breytingar á skaðabótalögum. SFF hafa lagt mikla áherslu á að dómsmálaráðuneytið stofni nefnd sem hafi það hlutverk að taka til heildarendurskoðunar allan ferilinn við mat á örorku samkvæmt skaðabótalögum og ákvörðun verði tekin um hvernig kerfið skuli vera til framtíðar.

Vorið 2018 var lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lögð var til breyting á margfeldisstuðlum og launaviðmiðum til hækkunar. SFF lögðust gegn því að frumvarpið yrði að lögum og töldu að það að taka út aðeins einn hluta laganna, og breyta honum án

Eignatryggingar

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17
Eigin iðgjöld	8,091	8,877	9,228	10,022	9,794	9,895	10,022	11,004	11,773
Eigin tjón	-6,076	-6,133	-5,825	-5,629	-5,185	-6,746	-7,060	-7,652	-7,481
Rekstrarkostnaður	-1,705	-1,997	-2,116	-2,371	-2,233	-2,280	-2,180	-2,917	-3,081
Fjármunatekjur	0,557	0,354	0,488	0,459	0,466	0,324	0,450	0,397	0,440
Afkoma af tryggingastarfsemi	0,761	0,997	1,674	2,387	2,707	1,065	1,069	0,832	1,652

Sjó-, flug- og farmtryggingar

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17
Eigin iðgjöld	1,716	2,142	2,185	2,283	3,506	2,849	3,967	3,286	5,252
Eigin tjón	-1,719	-1,219	-1,782	-1,586	-2,104	-1,992	3,128	-1,964	-3,445
Rekstrarkostnaður	-0,393	-0,426	-0,506	-0,526	-0,558	-0,637	0,154	-0,786	-1,318
Fjármunatekjur	0,172	0,103	0,172	0,098	0,104	0,048	0,167	0,114	0,149
Afkoma af tryggingastarfsemi	-0,229	0,600	0,068	0,163	0,062	0,268	0,729	0,649	0,637

Ökutækjatrýggingar

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17
Eigin iðgjöld	19,999	20,121	20,174	20,934	21,340	21,774	23,152	26,607	30,789
Eigin tjón	-17,069	-16,195	-16,249	-15,945	-15,931	-17,767	-20,405	-23,043	-25,000
Rekstrarkostnaður	-3,888	-4,249	-4,451	-4,836	-5,067	-4,978	-5,097	-5,524	-6,005
Fjármunatekjur	2,902	1,707	2,250	1,889	1,551	1,377	1,672	1,673	1,876
Afkoma af tryggingastarfsemi	1,651	1,152	1,493	1,857	1,541	0,056	-1,010	-0,287	1,661

Ábyrgðartryggingar

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17
Eigin iðgjöld	1,985	2,041	2,262	2,495	2,556	2,310	2,432	2,848	3,174
Eigin tjón	-2,263	-2,050	-2,009	-1,950	-2,085	-1,859	-1,692	-2,751	-1,764
Rekstrarkostnaður	-0,530	-0,539	-0,623	-0,663	-0,514	-0,496	-0,526	-0,673	-1,413
Fjármunatekjur	0,526	0,399	0,427	0,427	0,004	0,331	0,004	0,908	0,419
Afkoma af tryggingastarfsemi	-0,279	-0,153	0,305	0,305	-0,075	0,282	0,317	0,332	0,416

Slysa- og sjúkratryggingar

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17
Eigin iðgjöld	4,367	4,696	5,074	5,360	5,521	4,934	5,370	5,926	6,065
Eigin tjón	-4,303	-4,247	-4,518	-4,608	-4,863	-3,740	-4,472	-5,558	-5,262
Rekstrarkostnaður	-0,816	-0,897	-1,085	-1,102	-1,314	-1,254	-1,192	-1,213	-1,230
Fjármunatekjur	0,870	0,625	0,628	0,628	0,008	0,424	0,008	0,529	0,629
Afkoma af tryggingastarfsemi	0,109	0,165	0,253	0,253	-0,475	0,331	0,197	-0,317	0,202

Þess að fara í víðtækari endurskoðun, væri einungis til þess fallið að auka enn frekar á þær ógöngur sem kerfið við mat á örorku samkvæmt skaðabótalögum er komið í. Frumvarpið fékk ekki afgreiðslu í þinginu og verður ekki lagt fram aftur að óbreyttu.

Sett verður af stað vinna í vetur við heildarendurskoðun og munu SFF koma að þeirri vinnu.

Miðlun og dreifing váttrygginga

Á árinu 2019 verða sett ný lög um miðlun og dreifingu váttrygginga (e. IDD,

Váttryggingafélögin styrkja hjartadeild Landspítalans

Í fyrstu verður megináherslan á að styrkja svokallaðar annars stigs forvarnir, þ.e. forvarnir hjá þeim sem hafa þegar greinst með kransæðasjúkdóm.

Þann 16. október var undirritaður samningur á milli Samtaka fjármálafyrirtækja og hjartadeildar Landspítala um að váttryggingafélögin Sjóvá, TM, VÍS og Vörður styrki deildina um 18 milljónir króna á næstu þremur árum. Styrknum verður varið til að stórefla fræðslu- og forvarnastarf á vegum hjartadeildar. Hjarta- og æðasjúkdómar eru helsta dánarorsök Íslendinga og því er vel við hæfi að váttryggingafélögin styðji við hjartadeild Landspítala með þessum hætti.

Í fyrstu verður megináherslan á að styrkja svokallaðar annars stigs forvarnir, þ.e. forvarnir hjá þeim sem hafa þegar greinst með kransæðasjúkdóm. Það felur meðal annars í sér reykleysismeðferð og meðferð við háþrýstingi, sykursýki og hækkuðu kólesteróli. Einnig verður skoðað hvernig best er að efla forvarnir hjá þeim sem enn hafa ekki greinst með hjartasjúkdóm. Í því tilliti kynni að vera áhugavert að beina sjónum fyrst og fremst að yngri kynslóðum.

the Insurance Distribution Directive). Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um dreifingu og miðlun váttrygginga. Megintilgangur regluverksins er að samræma reglur fyrir alla þá sem selja váttrygginga-afurðir, jafna samkeppnisskilyrði

og auðvelda frjálst flæði á þessum markaði. Auk þess er áhersla á að veita einstaklingum betri vernd og að upplýsingagjöf verði aukin, einfölduð og stöðluð. Áætlað er að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi vorið 2019. ■



Samningurinn felur meðal annars í sér þróun vefsíðu með gagnvirku fræðsluefni um kransæðasjúkdóma. Styrkurinn verður einnig nýttur til umbóta á aðstöðu sjúk-

linga og aðstandenda þeirra sem liggja á hjartadeild. Þá verður enn fremur lagt fé til eflingar starfsþróunar starfsfólks deildarinnar.

Davíð O. Arnar yfirlæknir hjartalækninga á Landspítala, Katrín Júlíusdóttir framkæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja og Bylgja Kærnested deildarstjóri á hjartadeild skrifuðu undir samstarfssamninginn. Fulltrúar váttryggingfélaganna standa í aftari röð, en þau eru frá vinstri talið Eyrún Baldvinsdóttir Sjóvá, Ólafur Njáll Sigurðsson Sjóvá, Kjartan Vilhjálmsson TM, Guðný Helga Hebertsdóttir VÍS og Guðmundur Jóhann Guðmundsson Verði.

**Framlag
fjármálafyrirtækja
hefur þannig aukist
verulega þegar
kemur að innheimtu
opinberra gjalda og
skattheimtu.**

Kostnaðurinn við þungbært skattaumhverfi

Það sem einkennir rekstrarumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja er mikil og íþyngjandi skattbyrði. Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja hafa verið að greiða um 35 til 40 milljarða króna í opinber gjöld á ári. Í skýrslu fjármála- og efnahagsmálaráðherra um skatttekjur, skattrannsóknir og skatteftirlit sem lögð var fyrir 147. löggjafarþing er þróun opinberra gjalda lögaðila borin saman, skipt eftir atvinnugreinaflokkum. Þar sést að fyrirtæki í fjármála- og váttryggingastarfsemi bera langþyngstu byrðarnar þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda, en þau borga tæplega þriðjung allra opinberra

gjalda hér á landi. Í raun er hlutfallið enn hærra þegar hlutur hins opinbera er tekinn úr jöfnunni. Framlag fjármálafyrirtækja hefur þannig aukist verulega þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda og skattheimtu.

Frá árinu 2010 hafa aðildarfélög SFF greitt um 300 milljarða í ríkissjóð sé miðað við áætluð opinber gjöld fyrir árið 2018. Inni í þessari tölu eru ekki arðgreiðslur til ríkissjóðs, en þær hafa verið umtalsverðar frá endurreisn viðskiptabankanna þriggja. Samtals hafa þær numið um 200 milljörðum frá árinu 2013 og er hlutur ríkisins í þeim ríflega 150 milljarðar. Aðildarfélög SFF

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007 til 2018

– Gögn ná til allra aðildarfélaga SFF

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Iðgjald Tryggingasjóðs innstæðueigenda	1.316	3.068	2.415	2.421	4.142	3.230	3.152	3.152	3.261	3.227	3.227	3.300
Sérstakur skattur v. vaxtangr. (0,0875% skulda)					1.959	2.210	0	0	0	0	0	0
Tryggingagjald	2.312	2.972	2.204	2.681	3.313	3.261	3.494	3.508	3.410	3.439	3.452	3.609
Tekjuskattur	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	7.011	9.837	14.399	15.320	15.637	13.448	13.479
Fasteignagjöld	–	639	733	317	328	291	224	259	211	217	284	327
Almennt eftirlitsgjald v. Fjármálaeftirlits	483	665	538	654	1.000	1.216	1.198	1.107	1.124	1.202	1.567	1.658
Gjöld vegna viðbótareftirlits	0	273	1.824	183	39	16	15	13	13	8	7	14
Fjármálaeftirlit samtals	483	938	2.363	837	1.039	1.232	1.218	1.120	1.137	1.213	1.574	1.672
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0	0	0	994	1.006	1.089	6.424	8.425	8.562	8.745	9.086	9.620
UMS / Ráðgjafarstofa heimilanna	–	20	26	247	624	630	651	403	316	87	711	204
Fjársluskattur (Nú 5,5% af launum)						2.186	2.980	2.531	2.407	2.635	2.746	2.905
Sérstakur fjársluskattur (6% af hagnaði < 1 ma.kr.)						1.626	2.711	4.201	3.745	4.431	3.376	3.292
SAMTALS ÖLL GJÖLD	21.635	25.059	16.111	28.277	25.080	22.766	30.691	37.998	38.369	39.631	37.904	38.408

45


SFF

Opinber gjöld á fjármálageirann hafa tvöfaldast á undanfönum árum. Þar munar mest um jafna og sígandi hækkun ótekjutengdra gjalda, sem nú eru hærri en hin tekjutengdu.

Skattar, gjöld og iðgjöld til TIF

– 2007 til 2018

Ótekjutengd gjöld
Tekjutengd gjöld



	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Ótekjutengd gjöld	4.111	7.638	7.741	7.497	12.411	14.129	18.143	19.398	19.304	19.389	21.080	21.637
Tekjutengd gjöld	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	8.637	12.548	18.600	19.065	16.693	16.824	16.771

Allar upphæðir eru í milljónum króna. Tölur eru byggðar á beinum upplýsingum frá aðildarfyrirtækjum. Tölur fyrir 2017 eru að áætlaðar fyrir nokkur minni fyrirtæki. Iðgjald til TIF 2017 er byggt á áætlun sjóðsins.



hafa þannig greitt rúmlega 400 milljarða króna til ríkisins frá árinu 2009.

Það sem er einkennandi fyrir skattaumhverfi fjármálafyrirtækja er hversu stór hluti þeirra er ótekjutengdur. Þannig greiddu aðildarfélög um tuttugu milljarða í ótekjutengd gjöld í fyrra, en þau eru eðli málsins samkvæmt greidd óháð afkomu og rekstri. Til þess að setja

þessa tölu í samhengi námu heildarvaxtatekjur stóru bankanna þriggja 96 milljörðum og eru ótekjutengd gjöld fjármálafyrirtækjanna því tæpur fjórðungur af heildarvaxtatekjum.

Hér á landi eru þrír skattar lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki; bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Af þessum sköttum er bankaskatturinn svokall-




aði þungbærastur. Bankaskatturinn er íþyngjandi skattur sem skaðar hagsmunum viðskiptavina einnar tegundar lánaþyrtækja og grefur undan hagsmunum ríkisins sem stærsta eiganda fjármálakerfisins. Bankaskatturinn hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað lánaþyrtækja. Skatturinn var hækkaður á árinu 2013 og er nú 0,376% af heildarskuldum fjármálaþyrtækja.

Hreinar vaxtatekjur viðskiptabankanna

– og ótekjutengd gjöld aðildarfélaganna SFF

Heimild: Fjártæknikasinn




Í raun hækkar hann fjármögnunarkostnað fjármálafyrirtækja sem hann nær til um samsvarandi hlutfall. Áður hafði skatthlutfallið verið 0,041% af skuldum.

Eignir viðskiptabankanna

– hlutfallsleg skipting

Heimild: Bankasýsla ríkisins



Í raun hækkar hann fjármögnunarkostnað fjármálafyrirtækja sem hann nær til um samsvarandi hlutfall. Áður hafði skatthlutfallið verið 0,041% af skuldum. Skatthlutfallið var hækkað í því skyni að mæta hluta kostnaðar vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra fasteignalána og áformað var að tímabundin hækkun hans næði til árána 2014-2017. Hins vegar var ekki staðið við þau áform. Samkvæmt gildandi ríkifjármálaáætlun er ætlunin að lækka bankaskattinn í áföngum á árun-

um 2020 til 2023 í upphaflegt hlutfall. Afnám skattsins væri skilvirk leið fyrir stjórnvöld til þess að ná niður vaxtastiginu sem heimilum og fyrirtækjum stendur til boða í bankakerfinu.

Skökk staða á samkeppnismarkaði

Eins og fjallað er um á öðrum stað í þessu ársriti samanstendur lánamarkaðurinn á Íslandi ekki eingöngu af bönkum. Hann er mun fjölbreyttari en svo. Auk banka eru lífeyrissjóðir umsvifamiklir á fasteignalánamarkaði og



Bankaviðskipti af gamla skólanum.

erlendir bankar keppa við þá íslensku þegar kemur að lánveitingum til stærrri fyrirtækja. Þá hafa fjártæknifyrirtæki og önnur fyrirtæki verið að færa sig í vaxandi mæli inn á markaðinn með neytendalán og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Fjártæknin, ásamt breytingum á regluverki fjármálamarkaða, eykur jafnframt líkurnar á því að erlend lánafyrirtæki fari að bjóða íslenskum neytendum fjármálaþjónustu, eins og til að mynda sést á áformum þýska netbankans N26 um að hefja starfsemi hér á landi.

Sökum þessa er bankaskatturinn sérstaklega ósanngjarn. Hann hefur

þau áhrif að fjármagnskostnaður þeirra fyrirtækja sem bera skattinn er 0,376% hærrí en annarra lánafyrirtækja, þar sem hann er lagður á skuldahlið efnahagsreikningsins. Hann bætist enn fremur við þann kostnað sem fellur til vegna reglna um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja. Þetta tvennt veikir samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja gagnvart lánveitendum sem ekki eru leyfisskyldir sem fjármálafyrirtæki.

Mikill eftirlitskostnaður


Þrátt fyrir að íslenska bankakerfið sé mun einfaldara í sniðum en það var fyrir fjármálakreppuna hefur umfang eft-

Hann hefur þau áhrif að fjármagnskostnaður þeirra fyrirtækja sem bera skattinn er 0,376% hærrí en annarra lánafyrirtækja, þar sem hann er lagður á skuldahlið efnahagsreikningsins.

Rekstrarkostnaður FME

– og stærð bankakerfisins sem margfeldi af VLF

Heimild: Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Hagstofan



irlits með því vaxið mikið og kostnaður einnig. Þannig greiða aðildarfélag SFF tæplega 1,7 milljarða króna í eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins á þessu ári. Þá greiða aðildarfélag SFF einnig fyrir rekstur Umboðsmanns skuldara auk þess sem innlánafyrirtækin innan raða samtakanna greiða um 3,3 milljarða til Tryggingasjóðs innstæðueigenda.

SFF leggja mikla áherslu á að eftirlit með fjármáلامarkaði sé sem skilvirkast. Samtökin hafa átt í góðum samskiptum við FME um þessi mál


og hafa meðal annars lagt til að ráðist verði í gerð óháðrar rekstrarúttektar á starfsemi eftirlitsins þar sem meðal annars verður horft til mannaflsparfarar í samhengi við lögbundin verkefni sem eftirlitinu er ætlað að sinna. FME hefur tekið vel í þessar hugmyndir.

Þá hafa SFF verið með það til skoðunar hvort ekki sé full þörf á að endurskoða iðgjöld aðildarfélaganna til Tryggingasjóðs innstæðueigenda vegna lögfestingar nýrrar tilskipunar ESB um skil og slit fjármálafyrirtækja.

Fjármögnun viðskiptabankanna

– skipting

Heimild: Bankasýsla ríkisins



Langstærsti hluta eignanna liggur í útlánnum til viðskiptavina, eða sem nemur 77% af heildareignum þeirra.

Traust staða bankakerfisins

Eignir bankakerfisins námu tæplega 3.800 milljörðum í október 2018. Er því stærð bankakerfisins sem nemur margfeldi einnar og hálftrar landsframleiðslu. Íslenska bankakerfið er því mun minna í sniðum í dag en gengur og gerist í Evrópu.

Þegar horft er til eignasamsetningar stóru viðskiptabankanna sést að hún er býsna einföld. Langstærsti hluta eignanna liggur í útlánnum til viðskiptavina, eða sem nemur 77% af

heildareignum þeirra. Viðskiptabankarnir þrír eru fjármagnaðir að stærstum hluta með innlánnum viðskiptavina, en þau eru helmingur af heildarfjármögnun bankakerfisins. Skuldabréfaútgáfa bankanna hefur verið vaxandi á undanförunum árum, meðal annars vegna greiðara aðgengis að erlendri fjármögnun. Lántökur og skuldir eru þriðjungur af fjármögnun bankanna og eigið fé um fimmtungur.


Samanlagður hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja nam 47,4

Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 96,1 ma. kr. árið 2017 en voru 96,4 ma. kr. árið áður og standa því nánast í stað á milli ára.

Hagnaður eftir skatta

– rekstrarafkoma viðskiptabankanna

Heimild: Bankasýsla ríkisins



milljörðum í fyrra og var arðsemi eigin fjár á bilinu 6,6% til 7,9%. Hagnaðurinn dróst saman miðað við árið 2016, en þá var heildarhagnaðurinn tæplega 56 milljarðar. Samfara miklum hagnaði síðastliðin ár hefur eigið fé viðskiptabankanna aukist mikið. Samanlagt nam það 653 milljörðum í lok árs 2017, en eigið fé viðskiptabankanna þriggja í lok árs 2016 var tæplega 642 milljarðar. Arðsemi af rekstri bankanna hefur farið lækkanandi á síðustu árum, en sú þróun

helst að einhverju leyti í hendur við mikla eiginfjársöfnun.


Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 96,1 ma. kr. árið 2017 en voru 96,4 ma. kr. árið áður og standa því nánast í stað á milli ára. Þjónustutekjur voru tæplega 38 milljarðar í fyrra og jukust um tvo milljarða milli ára.

Reglulegur rekstrarkostnaður bankanna hækkaði milli ára. Stærsti hluti rekstrarkostnaðarins er launagreiðslur og útskýrir hækkun launa þessa þróun að hluta.

Arðsemi eigin fjár

– rekstrarafkoma viðskiptabankanna


Heimild: Bankasýsla ríkisins



Þróun í fjölda starfsmanna og útibúa

– banka og sparisjóða

Heimild: Bankasýsla ríkisins



Ísland sker sig úr í þessum efnum, en að sögn Bankasýslunnar sýnir samanburðurinn „hversu gríðarlega há fjárbinding ríkissjóðs í eignarhlutum í viðskiptabönkum er í samanburði við önnur ríki Evrópu“.



Ríkið umsvifamikið á fjármálamarkaði

Umsvif íslenska ríkisins á fjármálamarkaði eru fáheyrð. Þannig nam virði hlutar ríkisins í eigin fé Íslandsbanka og Landsbankans um 17% af landsframleiðslu við síðustu áramót. Eins og fjallað var um í skýrslu Bankasýslu ríkisins um starfsemi stofnunarinnar árið 2016 er eignarhlutur ríkissjóðs í bankakerfi landsins ríflega fimm sinnum hærrí í dag en árið 1997, en þá átti ríkissjóður allt hlutafé Búnaðarbankans, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Landsbankans. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Bankasýslu ríkisins um starfsemi stofnunarinnar.

Í skýrslunni eru umsvif ríkisins á fjármálamarkaði í Evrópu borin saman.

Samanburðurinn sýnir hversu mikið Ísland sker sig úr í þessum efnum, en að sögn Bankasýslunnar sýnir hann „hversu gríðarlega há fjárbinding ríkissjóðs í eignarhlutum í viðskiptabönkum er í samanburði við önnur ríki Evrópu“. Þannig kemur fram að hlutfall íslenska ríkisins í bókfærðu eigin fé viðskiptabankanna sem hlutfall af landsframleiðslu hafi verið tæplega 19% í árslok 2016. Hlutfallið var 3,6% í árslok 1997 þegar ríkið átti Búnaðarbankann, FBA og Landsbankann. Til samanburðar var hluturinn á bilinu 1,9–5,4% á ríkjum á borð við Belgíu, Bretland, Grikkland, Holland og Írland á sama tíma.

Bankarnir hafa lagt mikla áherslu á að hagræða í rekstrinum á undanfórnum árum og lagt áherslu á að nýta stafrænar lausnir til þess að auka þjónustu en að sama skapi draga úr kostnaði með fækkun útibúa og starfsmanna.

Bankarnir eru með gríðarlega trausta eiginfjárstöðu þrátt fyrir miklar arðgreiðslur á undanfórnum árum. Eiginfjárlutfall Landsbankans var 26,7% við lok síðasta árs og var hlutfallið hjá Arion banka og Íslandsbanka um 24% á sama tíma.

Lækkandi vaxtamunur


Vaxtamunur bankanna lækkaði milli ára 2016 og 2017. Hann var 3% að meðaltali árið 2016 og fór í 2,9% í fyrra. Ein af ástæðum þess að vaxtamunur mælist stundum hærra hér á landi en annars staðar er hversu mikið eigið fé þeirra er, en hlutfall eiginfjár og eigna hjá íslenskum bönkum (lág gírun) er hátt í alþjóðlegum samanburði. Ávöxtun eigna þarf að standa undir ávöxtun eiginfjár. Háir sérstakir skattar, ekki síst bankaskatturinn, eiga hér einnig hlut að máli.

Vaxtamunur bankanna lækkaði milli ára 2016 og 2017. Hann var 3% að meðaltali árið 2016 og fór í 2,9% í fyrra.

Þróun í vaxtamun viðskiptabankanna


– 2013 til 2017

Heimild: Bankasýsla ríkisins



Arðsemi eigna


– lykiltölur kerfislega mikilvægra banka (KMB) í samanburði við banka í Evrópu Heimild: Seðlabanki Íslands



Ath.: Tölur fyrir 2018 er frá 1H.


Arðsemi eigin fjár

– lykiltölur kerfislega mikilvægra banka (KMB) í



Kostnaður sem hlutfall af tekjum

– lykiltölur kerfislega mikilvægra banka (KMB) í samanburði við banka í Evrópu Heimild: Seðlabanki Íslands




Ath.: Tölur fyrir 2018 er frá 1H.

Íslensku bankarnir í alþjóðlegu samhengi

Í stórum dráttum er staða íslenska bankakerfisins traust. Rekstrarafkoma bankanna er farin að mótast í ríkari mæli af reglulegri starfsemi. Á fyrstu árunum eftir endurreisn þeirra settu óreglulegir liðir mark sitt á afkomuna. Arðsemin af starfseminni er því orðin svipuð og gerist hjá evrópskum bönkum en að sama skapi er arðsemi eigna íslensku bankanna meiri en gengur og gerist á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu.

samanburði við banka í Evrópu Heimild: Seðlabanki Íslands




Ath.: Tölur fyrir 2018 er frá 1H.

Útlán sem hlutfall af innstæðum

– Lykiltölur kerfislega mikilvægra banka (KMB) í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P GMI




Ath.: Tölur fyrir 2018 er frá 1H.

Kostnaðarhlutfall íslensku bankanna er þannig sambærilegt við það sem gerist hjá sambærilegum bönkum á Norðurlöndum en töluvert lægra en hjá stórum evrópskum bönkum. Útlán sem hlutfall af innstæðum er hins vegar umtalsvert hærra hjá íslensku bönkunum en hjá stórum evrópskum bönkum og norrænum bönkum sem eru af svipaðri stærðargráðu og þeir íslensku.

Þessi trausta staða bankanna, ásamt góðu lánsþæfismati ríkissjóðs í kjölfar afnáms hafta, hefur greitt fyrir aðgengi íslensku bankanna að erlendum skuldaþréfamörkuðum og hefur leitt til þess að vægi markaðsfjármögnunar hefur aukist þó svo að þeir séu enn að stærstum hluta fjármagnaðir með innlánum. ■

Útlán sem hlutfall af eignum

– Lykiltölur kerfislega mikilvægra banka (KMB) í samanburði við banka í Evrópu



Ath.: Tölur fyrir 2018 er frá 1H.

SFF leggja mikla áherslu á styrkingu verðbréfamarkaðarins og að hann starfi eftir sömu umgjörð og evrópskir verðbréfamarkaðir.

Af verðbréfamarkaði

Heilbrigður og skilvirkur verðbréfamarkaður er ein af frumforsendum þess að nútíma efnahagslíf þrífist og dafni. SFF leggja mikla áherslu á styrkingu verðbréfamarkaðarins og að hann starfi eftir sömu umgjörð og evrópskir verðbréfamarkaðir.

Mikilvægi þess að verðbréfamarkaðurinn hér á landi starfi eftir sömu umgjörð og gildir á hinum sameiginlega evrópska markaði er ekki síst mikið í ljósi þess að fjármagnshöft hafa verið afnumin og erlendir fjárfestar hafa sýnt íslenska verðbréfamarkaðnum áhuga á undanförunum árum. Það er lykiltríði í að viðhalda þeim áhuga

að tryggja að verðbréfamarkaðurinn starfi eftir sambærilegu regluverki og þekkist í nágrannalöndunum. Það að Seðlabanki Íslands hafi undanfarin ár beitt innflæðishöftum að hluta á fjárfestingu þeirra er ekki til þess fallið að viðhalda þeim áhuga.

Mörg verðbréfafyrirtæki innan raða SFF hafa gagnrýnt þessi innflæðishöft frá því að þau voru sett á. Áfangasigur í baráttunni gegn þeim náðist snemmeturs 2018 þegar Seðlabankinn dró úr þeim að hluta.

Þeim aðildarfélögum SFF sem eru skráð á markað í Kauphöllinni fjölgaði á árinu 2018, en þá voru hlutabréf



Benedikt Jóhannsson, þáverandi fjármálaráðherra, hringir inn Evrópsku peningavikuna sem Fjármálavít tekur þátt í.

í Arion banka tekin til viðskipta hér á landi og í Svíþjóð. Arion er annar bankinn sem hefur verið skráður á markað á síðasta áratug, en áður hafði Kvika verið skráð á First North-markað Kauphallarinnar. Auk þessara tveggja banka eru váttryggingafélögin Sjóvá, TM og VÍS skráð á markað.

Eignir hlutabréfasjóða dragast saman

Nokkrar væringar hafa verið á íslenskum hlutabréfamarkaði á árinu. Það sem hefur einkennt markaðs-


þróunina er umtalsverður samdráttur á veltu. Þannig var velta í Kauphöllinni tæplega þriðjung minni fyrstu níu mánuði ársins en á sama tímabili árið áður. Endurspeglast þessi þróun meðal annars í því að fjárfestar hafa dregið verulega úr eignum sínum í hlutabréfasjóðum. Eignir í stýringu íslenskra hlutabréfasjóðum námu um 63 milljörðum í lok september 2018 en verðmæti þeirra náði hámarki fyrir þremur árum þegar þær námu um 118 milljörðum.

Þeim aðildarfélögum SFF sem eru skráð á markað í Kauphöllinni fjölgaði á árinu 2018, en þá voru hlutabréf í Arion banka tekin til viðskipta hér á landi og í Svíþjóð.

Úrvalsvisitala íslensks hlutabréfamarkaðar

– OMXI8


Heimild: Nasdaq Ísland



Velta á innlendum mörkuðum

– frá upphafi árs 2017

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Viðamiklar lagabreytingar fram undan

Starf SFF að málefnum verðbréfa- markaða hefur móttast að miklu leyti undanfarin ár að vinnu í tengslum við innleiðingu á viðamiklum gerðum ESB um verðbréfamarkaði. Nú hillir undir að stjórnvöld ljúki við að innleiða tvær gerðir sem munu hafa mikil áhrif á starfsumhverfi verðbréfamarkaða. Um er að ræða innleiðingu MiFID II-tilskipunarinnar annars

vegar og hins vegar reglugerð ESB nr. 9009/2014 um bætt verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar (CSDR). Gert er ráð fyrir að stjórnvöld muni leggja fram frumvörp um þessi mál á fyrri hluta næsta árs.


Aukin fjárfestavernd á verðbréfamarkaði

MiFID II er ætlað að mynda samhæfða umgjörð um allar tegundir viðskipta með fjármálagerninga, með

Eignir hlutabréfasjóða

— frá upphafi árs 2015

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Þá felur tilskipunin einnig í sér samræmt fyrirkomulag um heimildir fjármála-fyrirtækja utan EES til að starfa á hinum sameiginlega markaði.



það að markmiði að auka fjárfesta-vernd og efla eftirlitsstofnanir, sem meðal annars fá heimildir til að stöðva

eða takmarka markaðssetningu og dreifingu ákveðinna fjármálaafurða undir ákveðnum kringumstæðum. Þá

felur tilskipunin einnig í sér samræmt fyrirkomulag um heimildir fjármálafyrirtækja utan EES til að starfa á hinum sameiginlega markaði.

Tilskipunin leggur enn fremur strangar kröfur á fjármálafyrirtæki um að upplýsa viðskiptavinum um eðli og ástæður hagsmunaárekstra. Þá telst það brot á reglunum um hagsmunaárekstra ef fjármálafyrirtæki greiðir eða fær greidda þóknun í tengslum við fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, nema greiðslan sé til þess fallin að auka gæði þjónustunnar og komi ekki í veg fyrir að fjármálafyrirtækið uppfylli skyldur sínar að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna. Gerð er krafa um ítarlegri upplýsingar en áður um fjárfestingarráðgjöf.

Þá er einnig að finna nýmæli um eignastýringu í tilskipuninni, þ.e. að þegar slík þjónusta er veitt skuli fjármálafyrirtæki ekki taka við eða halda eftir þóknun, umboðslaunum eða fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi. Þá er nýtt ákvæði

sem skyldar fjármálafyrirtæki til að tryggja að þegar það veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingarþjónustu sé starfsmönnum ekki umbunað á neinn hátt eða frammistaða þeirra metin þannig að það stangist á við skylduna um að hafa hagsmuni viðskiptavinar ávallt að leiðarljósi. Þegar fjárfestingarþjónusta er í boði ásamt annarri þjónustu eða vöru eða sem hluti af pakka eða sem skilyrði fyrir sama samningi eða pakka skal fjármálafyrirtækið upplýsa viðskiptavinum um það hvort hægt er að kaupa einstakar einingar (e. components) pakkans sérstaklega og veita þá upplýsingar um kostnað og gjöld fyrir hverja einingu. Upplýsa skal sérstaklega um áhættuna sem fylgir kaupunum. Fjármálafyrirtæki skulu tryggja að þeir starfsmenn sem veita fjárfestingarráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga eða viðbótarþjónustu til viðskiptavina búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni. Þá verður fjármálafyrirtækjum skylt, þegar þau afla upplýsinga við veitingu fjárfestingarráðgjafar eða sinna eigna-

stýringu, að afla einnig upplýsinga um getu viðskiptavinarins til að bera tap og hvert áhættuþol hans er.

Vandaðri vinnubrögð við verðbréfauppgjör

Reglugerð ESB um bætt verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar (CSDR) mun marka tímamót á sviði löggjafar um uppgjörferli verðbréfavíðskipta hér á landi. Hún kallar á meiri aga í vinnubrögðum framlínu og bakvinnslu fjármálafyrirtækja. Meginbreytingin verður sú að uppgjörslleiðin samkvæmt CSDR verður stöðluð með rafrænum samskiptum og tryggir samræmi í vinnuaðferðum milli allra markaðsaðila bæði hérlendis og erlendis. Samskipti milli markaðsaðila verða á stöðluðu rafrænu formi í stað þess að fara fram í tölvupósti eða jafnvel munnlega. Öll viðskipti þurfa að fara í þörun. Þar á meðal þurfa allar hreyfingar án greiðslu að fara í þörun. Ekki verður lengur hægt að afhenda verðbréf einhliða og skilja eftir á flutningssvæði (hlutlausu svæðinu).

Reglugerðin gerir þá kröfu á kerfið

að uppgjör fari fram með afhendingu gegn greiðslu. Það er breyting frá því sem tíðkast í dag þar sem framkvæmdar eru aðskildar keyrslur hjá Seðlabankanum og verðbréfamiðstöð. Þá er samkvæmt reglugerðinni haldið skipulegar utan um uppgjörsbresti, sem einnig er jákvætt.

Þá er vert að nefna að reglugerðin hefur áhrif á útgefendur fjármálagerna að því leyti að lagðar eru á þá ákveðnar skyldur um skráningu á fjármálagerningum. Fjármálafyrirtæki þurfa að huga að þætti útgefenda fjármálagerna í þjónustu við þá og hvernig aðkoma þeirra er samkvæmt nýjum reglum.

Ný reglugerð um skráningarlýsingar

Þá stefna stjórnvöld á að ljúka við innleiðingu á nýrri reglugerð ESB um skráningarlýsingar. Málið var ekki í forgangi á innleiðingaráætlun stjórnvalda en ákveðið var að klára það á næsta ári að ósk norskra stjórnvalda, sem leggja mikla áherslu á að reglugerðin fari inn í EES-samninginn á sama tíma og ESB-ríkin taka hana upp.



Þannig er markmiðið að gerðin verði orðin virk í EES-samningum fyrir 21. júlí 2019.

Um er að ræða heildarlöggjöf ESB um útboðslýsingar verðbréfa. Eldra regluverk fellur úr gildi með henni. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að fjölga fjármögnunarleiðum fyrirtækja – þá sérstaklega þeirra sem ESB skilgreinir í hóp smárra og meðalstórra

fyrirtækja. Í hópi þeirra eru fyrirtæki sem hafa færri en 250 manns í vinnu og ekki stærri efnahagsreikning en 43 milljónir evra.

Breytingunum er ætlað að draga úr kostnaði við gerð skráningarlýsinga og gera það ferli skilvirkara og þar með greiða fyrir aðgengi fyrirtækja að fjármagni og á sama tíma auka fjárfestingarvernd.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að fjölga fjármögnunarleiðum fyrirtækja – þá sérstaklega þeirra sem ESB skilgreinir í hóp smárra og meðalstórra fyrirtækja.



Kraftur í regluvörslustarfi

Viðamiklar reglubreytingar á fjármálamarkaði undanfarinn áratug hefur haft mikil áhrif á regluvörslu fjármálafyrirtækja. Segja má að hún hafi sjaldan verið jafn krefjandi og nú og gerir hún miklar kröfur á fjármálafyrirtækin og þá sem bera ábyrgð á að rétt sé staðið að málum.

Á starfsárinu hafa SFF lagt áherslu á að efla starfið á þessu sviði. Þannig var Regluvörslu-

dagur samtakanna haldinn í október. Fundinn sóttu á fimmta tug sérfræðinga í regluvörslu og fóru sérfræðingar í aðildarfélögunum yfir það hvernig hlutverk regluvörslunnar hefur þróast og breyst síðasta áratuginn og hvaða áskoranir fyrirtækin eru að takast á við um þessar mundir.

Þá stóðu samtökin fyrir morgunfundi í tilefni af útgáfu bókar dr. Andra Fannars Bergþórssonar, lektors við lagadeild Háskólans í Reykjavík;

What Is Market Manipulation? An Analysis of the Concept in a European and Nordic Context.

Markaðsmisnotkun hefur verið töluvert í umræðunni síðastliðin 10 ár – allt frá efnahagshruninu 2008. Fyrir þann tíma var þessum brotaflokki veitt lítill athygli og fá mál rötuðu til dómstóla. Í dag liggja fyrir þó nokkur fordæmi hjá íslenskum dómstólum þar sem dæmt hefur verið fyrir stórfellda markaðsmisnotkun og enn eru slík mál til meðferðar hjá dómstólum. Á fundinum fór Andri yfir helstu niðurstöður rannsóknar sinnar um hugtakið markaðsmisnotkun eins og það er skilgreint í Evrópulöggjöf-inni og fór yfir helstu markaðsmisnotkunarmálin á Íslandi og bar þau saman við dóma sem hafa fallið á Norðurlöndunum. ■



**Eitt af meginmarkmiðum
öryggishóps SFF á
undanförnum árum
hefur verið að efla
alþjóðatengsl og miðla
lærdómi annarra ríkja
hér á landi.**

Netöryggismál og forvarnir

Ör þróun stafrænnar tækni á flestum sviðum efnahagslífsins gerir ríkar kröfur um öryggisvarnir. Ekki er nóg að fyrirtæki haldi uppi slíkum vörnum ein og sér. Í þessum efnum er keðjan aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn og þar af leiðandi er samstarf fyrirtækja við stofnanir hins opinbera lykillinn að skilvirkum vörnum gegn tölvuglæpum.

Fjármálafyrirtæki hafa verið í fararbroddi þegar kemur að vörnum gegn netárásum og tölvuglæpum enda skiptir það þau höfuðmáli að geta tryggt öryggi gagna viðskiptavina sinna. Að sama skapi skiptir upplýs-

ingaöryggi miklu máli fyrir traust. Þannig má segja að fjármálafyrirtæki séu í fremstu víglínu þegar kemur að baráttunni gegn tölvuglæpum og sökum mikilvægi þeirra fyrir hagkerfi heims eru sérfræðingar þeirra í þessum málum með puttann á púlsinum þegar kemur að nýjum leiðum glæpamanna til að nýta sér upplýsingatækni til glæpsamlegs athæfis.

Á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja er starfræktur öryggishópur aðildarfélaganna. SFF hefur fyrir hönd hópsins undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu til þess að vera vettvangur samstarfs tæknimanna til að sporna



gegn netárásam og tölvusvikum. Samstarfið felur meðal annars í sér að sérfræðingum aðildarfélaganna er heimilt að skiptast á upplýsingum sem tengjast tilraunum til netglæpa á sameiginlegum vettvangi. Reyndar hefur slíkt samstarf verið í auknum mæli að færa sig þvert á landamæri, en sum íslensk fjármálafyrirtæki hafa gengið til liðs við Nordic Financial Cert á undanförunum misserum.

Eitt af meginmarkmiðum öryggishóps SFF – sem er skipaður sérfræðingum aðildarfélaganna í öryggismálum – á undanförunum árum hefur verið að efla alþjóðatengsl og miðla lærdómi annarra ríkja hér á landi. SFF eiga í nánú samstarfi við systursamtökin á Norðurlöndum í þessum málum og sækja sérfræðingar öryggishópsins reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála. Í september stóðu SFF fyrir

Það að 250 milljónir króna hafa verið sendar af reikningum íslenskra fyrirtækja erlendis vegna slíkra fyrirmæla varpar ekki upp endanlegri mynd af umfangi tjónsins.

Nordic eBanking Security Summit, árlegri ráðstefnu sem systursamtökin á Norðurlöndum skiptast á að halda. Er þetta í annað sinn sem SFF halda þessa ráðstefnu, en á henni fara sérfræðingar norrænna banka í netöryggismálum yfir helstu ógnir og það sem er efst á baugi í baráttunni gegn netglæpum.

Vaxandi ógn vegna stjórnendasvika

Þrátt fyrir að Íslendingar standi frammi fyrir fjölda tegunda netsvika og tölvuglæpa vekur tíðni einnar tegundar á undanförnum árum sérstaklega miklar áhyggjur. Um er að ræða þá tegund netglæpa sem kallast stjórnendasvik (e. CEO fraud), en þau fela í sér að óprúttir aðilar villa á sér heimildir og þykjast vera stjórnendur í fyrirtækinu sem svikatilraunin beinist gegn og senda trúverðug fyrirmæli á starfsmenn um að millifæra fé með hraði. Stjórnendur í íslenskum fyrirtækjum millifærðu að minnsta kosti 250 milljónir króna út af reikningum fyrirtækja sinna á síðustu tólf mánuðum eftir að hafa fallið í gildirur fjárvikamanna.



Það að 250 milljónir króna hafa verið sendar af reikningum íslenskra fyrirtækja erlendis vegna slíkra fyrirmæla varpar ekki upp endanlegri mynd af umfangi tjónsins. Þetta eru aðeins tölur yfir það sem sérfræðingar í aðildarfélögum SFF hafa greint. Ekki er hægt að útiloka að tjónið sé mun meira og eigi eftir að koma í ljós.

Mikilvægi fræðslu

Rétt er að taka fram að starfsmenn



fjármálafyrirtækjanna náðu að endurheimta ríflega 141 milljón af heildarupphæðinni sem vitað er að var millifærð vegna svikapósta. En hafa verður í huga að þrátt fyrir að fjármálafyrirtæki séu vissulega í fremstu víglínu þegar kemur að baráttunni gegn netglæpum hafa þau fá úrræði ef fyrirtæki sendir greiðslur vegna falsaðra fyrirmæla. Fáar varnir duga gegn stjórnendasvikum aðrar en þær sem fást með fræðslu og forvörnum.

Þegar þróun undanfarinna ára er skoðuð sést glögglega að tjónið vegna stjórnendasvika hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Afnám gjaldheyrishafta skýrir það að hluta en á sama tíma er ljóst að tilraunirnar verða sífellt meira sannfærandi og fyrirmælin eru send frá trúverðugum netföngum og skrifuð á sannfærandi íslensku. Ljóst er að stjórnendur íslenskra fyrirtækja þurfa að vera meðvitaðir um þessa ógn, en hún spyr hvorki um stærð né veltu fyrirtækja. SFF hafa í samstarfi við SA staðið fyrir slíkri fræðslu. Þannig stóðu félög-in fyrir vel sóttum fundi í febrúar þar sem þeir Hákon Ákerlund og Guðmundur Örn Ingvarsson, sérfræðingar í öryggismálum hjá Landsbankanum, fjölluðu um einkenni slíkra glæpa og hvernig hægt væri að bregðast við slíkum tilraunum, sem og öðrum netglæpum. Upptaka af fundinum er aðgengileg á Facebook-síðu SFF og ættu sem flestir að kynna sér erindi þeirra Hákonar og Guðmundar. ■

**Fáar varnir
duga gegn
stjórnendasvikum
aðrar en þær sem
fást með fræðslu
og forvörnum.**

Fjármálafræðsla eitt helsta áherslumál SFF

Börn og ungmenni standa nær daglega frammi fyrir ákvörðunum um ráðstöfun peninga. Því er fræðsla um þjónustu og fjármálavörur lykilatriði þegar kemur að því að ala upp vel læsa einstaklinga á fjármál. Samtök fjármálafyrirtækja leggja mikla áherslu á fjármálafræðslu í störfum sínum og byggir það starf annars vegar á verkefninu Fjármálavit og hins vegar á verkefninu um vottun fjármálaráðgjafa og váttryggingaráðgjafa.

Fjármálavit og Evrópukeppnin í fjármálalæsi

Evrópukeppnin í fjármálalæsi er árlegur

viðburður Evrópsku bankasamtakanna og standa SFF að undankeppninni hér heima í tengslum við verkefnið Fjármálavit, flaggskip SFF þegar kemur að fjármálalæsi ungmenna, sem unnið er í samvinnu við Landssamtök lífeyrissjóða. Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavits hjá SFF, segir það hafa verið ánægjulegt að sjá hversu vel krakkarnir í skólum landsins stóðu sig í undankeppninni hér heima. Spilaður var spurningaleikur sem tekur mið af þekkingarramma OECD í fjármálalæsi og PISA-könnuninni og var upphaflega þróaður og hannaður í samvinnu við Ómar Örn Magnússon,



Ari Kaprasíus Kristjánsson og
Telma Jeanne Bonthonneau voru
fulltrúar Íslands.

kennara í Hagaskóla. Keppnisandinn milli íslensku grunnskólanna var mikill og stóðu krakkarnir í 10. bekk Austurbæjarskóla uppi sem sigurvegarar og fengu titilinn Íslandsmeistarar í fjármálalæsi.

Með þeim bestu í Evrópu

Nemendur í Austurbæjarskóla voru fulltrúar íslenskra grunnskólanema

í úrslitum Evrópukeppninnar í fjármálalæsi sem haldin var í Brussel eftir sigur skólans í undankeppni íslenskra grunnskóla. Liðið endaði í 6. sæti og leiddi keppnina framan af. Yfir 40.000 grunnskólanemar frá 25 Evrópulöndum tóku þátt í undankeppnum heima fyrir og fengu tveir fulltrúar sigurskóla hvers þátttökulands að fara til Brussel í úrslitakeppnina.

**Yfir 40.000
grunnskólanemar
frá 25 Evrópulöndum
tóku þátt í
undankeppnum.**

Sigrún Lilja
grunnskólakennari
segist finna fyrir
aukinni vakningu á
mikilvægi fjármálalæsis
og að auka megi vægi
þess í aðalnámskrá
grunnskóla.



Sigrún Lilja Jónasdóttir kennari ásamt
Ara og Telmu rétt fyrir keppni.



Sigrún Lilja Jónasdóttir, stærð-
fræðikennari í Austurbæjarskóla,
var fulltrúum Íslands og Íslands-
meisturunum frá Austurbæjarskóla,
þeim Ara Kaprasíusi Kristjánssyni
og Thelmu Jeanne Bonthonneau, til
halds og trausts í Brussel á meðan á
úrslitakeppninni stóð. Sigrún Lilja
segist finna fyrir aukinni vakningu
á mikilvægi fjármálalæsis og að
auka megi vægi þess í aðalnámskrá
grunnskóla. Spurð hvers vegna
hún hafi hvatt nemendur sína í
Austurbæjarskóla til að taka þátt í



Krakkarnir í Árbæjarskóla fengu sérstök verðlaun fyrir frábæra liðsheild og eldmód.

undankeppninni er það helst þrennt sem hún nefnir sem stendur upp úr. „Í fyrsta lagi er að undirbúa þarf ungu kynslóðina til að geta sinnt eigin fjármálum betur en eldri kynslóðir hafa gert. Í öðru lagi er það nýleg ákvörðun Íslands um að taka þátt í fjármálalæsishluta PISA árið 2021, sem gefur samanburð við önnur lönd og er hvatning fyrir Ísland að gyrða sig í brók og gera betur. Í

þriðja lagi er það skuldastaða ungs fólks vegna svokallaðra skyndilána, en allt of stór hluti þeirra sem leita sér aðstoðar vegna skuldavanda er einmitt ungt fólk milli tvítugs og þrítugs og það þarf að laga. Ég er afar stolt af krökkunum mínum í Austurbæjarskóla, en til þess að vinna keppnina hér heima þurfti samstillt átak í að gera vel fyrir heildina og þau gerðu það svo sannarlega. Ari og



Aðalbjörn Sigurðsson, starfsmaður hjá Gildi lífeyrissjóði, fer yfir málin með krökkunum.

Telma voru glæsilegir fulltrúar þeirra í Brussel.“

Næsta Evrópukeppni í fjármálalæsi er handan við hornið og verður gaman að sjá hvaða grunnskóli á Íslandi verður arftaki Austurbæjarskóla sem fulltrúi íslenskra grunnskóla í keppninni í Brussel sem fer fram á vordögum.



Fjármálavít og framtíðaráformin

Starfsár Fjármálavíts hefst á haustin um leið og skólarnir. Yfir 400 starfsmenn aðildarféлага SFF og lífeyrissjóða hafa sinnt skólaheimsóknum á vegum Fjármálavíts og leyst með nemendum verkefni sem er ætlað að skerpa á fjármálalæsi þeirra. Allt að 90% nemenda í 10. bekk kynnst námsefninu á hverju



Allt að 90% nemenda í 10. bekk kynnst námsefni Fjármálavits á hverju skólaári.

skólaári. Meginboðskapurinn er að kenna nemendum að hugsa jákvætt um eigin fjármál og gera þau skemmtileg. Eitt af verkefnum sem krakkarnir vinna er að útbúa sparnaðaráætlanir fyrir ýmis framtíðaráform, stór og smá, allt frá símakaupum, heimsreisni,

bílakaupum og í að safna fyrir eigin fé í fyrstu íbúð. Flestum ferst þetta vel úr hendi, niðurstöðurnar eru fjölbreyttar, enda engin leið rétt í þessum efnum. Það er þó eitt sem flestir átta sig á eftir svona vinnu og það er að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Góð ráð

Í samtölum við krakkana koma margar skemmtilegar og góðar hugmyndir um góða meðferð á peningum sem eru t.d. ráð frá foreldrum eða öðrum nákomnum.

Eitt gott ráð kom frá ömmu nemanda í Kópavogsskóla: „Ef þú getur ekki borgað tvisvar sinnum fyrir það sem þig langar í áttu ekki að kaupa það!“

Í maí útskrifuðust
39 starfsmenn
aðildarfélaga SFF
úr vottunarnámi
fjármálaráðgjafa og
vátryggingaráðgjafa.

Vottun fjármálaráðgjafa og vátryggingastarfsmanna

Segja má að áherslur Samtaka fjármálafyrirtækja í fræðslumálum séu tvíþættar; í fyrsta lagi að leggja sitt af mörkum til þess að efla fjármálalæsi upprennandi kynslóða gegnum verkefni á borð við Fjármálavit og í annan stað að auka gæði þeirrar fjármálaráðgjafar sem veitt er hverju sinni innan starfandi fjármálafyrirtækja. Til þess að mæta kröfum viðskiptavina fjármálafyrirtækja um faglega ráðgjöf hafa SFF staðið fyrir verkefninu um vottun fjármálaráðgjafa og vátryggingafræðinga.

Í maí útskrifuðust 39 starfsmenn aðildarfélaga SFF úr vottunarnámi fjár-

málaráðgjafa og vátryggingaráðgjafa. Þetta er í sjöunda sinn sem fjármálaráðgjafar hljóta vottun og í fjórða sinn sem vátryggingaráðgjafar eru vottaðir. Nú hafa hátt í 300 starfsmenn aðildarfélaga SFF hlotið slíka vottun.

Markmið vottunarinnar er að samræma þær kröfur sem eru gerðar til ráðgjafa á fjármála- og vátryggingamarkaði og tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Verkefnið á sér norska fyrirmynd, en slíkt vottunarferli hefur verið að ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum á undanförunum árum. Að vottunarnám-



Útskriftarhópurinn. Neðsta röð: Tara Elíasdóttir, Helga Jónína Guðmundsdóttir, Þóra Björk Gísladóttir, Særún Guðjónsdóttir, Arnrún Sigurmundsdóttir, María Jóna Jónsdóttir og Berglind Bergsdóttir. Miðröð: Hrunn Pálsdóttir, Jórunn Ólafsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Erla Stefánsdóttir, Svanhildur Halldórsdóttir og Marteinn Ó. Tryggvason Tausen. Efsta röð: Guðrún Sigurðardóttir, Steinunn Sturludóttir, Fjóla Kristinsdóttir, Hjörtur Torfi Halldórsson, Elín Björg Arinbjarnardóttir, Bjarney Sigurðardóttir og Unnur Linda Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Brynjar Árnason og Gísla Gunnar Geirsson.

inu standa Samtök fjármálafyrirtækja, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, viðskiptafræðideild

Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. ■



Starfsfólk SFF. Talið frá vinstri:
Örn Arnarson, Kristín Lúðvíksdóttir,
Katrín Júlíusdóttir, Jóna Björk
Guðnadóttir, Yngvi Örn Kristinsson
og Vigdís Halldórsdóttir.

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra og stuðla að því að starfsskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF vinna að jöfnum skilyrðum fyrir öll fjármálafyrirtæki sem keppa á sama markaði, án tillits til stærðar og eignarhalds. Samtökin hafa aukna samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og heilbrigða fjármálastarfsemi í forgrunni í störfum sínum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. SFF leggja áherslu á að traust og öflugt fjármálakerfi sé forsenda efnahagsframfara og þess að atvinnulíf og heimili njóti góðrar fjármálaþjónustu. SFF taka virkan þátt í samstarfi á alþjóðavettvangi, en samtökin eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Evrópsku tryggingasamtökunum (IE). Virk þátttaka í erlendu samstarfi skiptir miklu máli fyrir samtökin, enda starfa íslensk fjármálafyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi vegna mikilvægis útflutningsiðnaðar fyrir íslenska hagkerfið og hins evrópska lagaumhverfis sem gildir um starfsemi þeirra. ■

Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja

Arctica Finance

Kvika

Arion banki hf.

Landsbankinn hf.

Borgun

Landsbréf

GAMMA Capital Management

Lánasjóður sveitarfélaga

Íslandsbanki


Líftryggingafélag Íslands

Íslandssjóðir

Líftryggingamiðstöðin

Íslensk verðbréf

Lykill



Sjóvá

T Plús

Sjóvá-Almennar líftryggingar

Tryggingamiðstöðin

Sparisjóður Austurlands

Valitor

Sparisjóður Höfðhverfinga

Vátryggingafélag Íslands


Sparisjóður Strandamanna

Vörður tryggingar

Sparisjóður Suður-Pingeyinga

Vörður líftryggingar

Stefnir



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association